



Mynd: Einar Valur Einarsson

Tofærusumarið fer vel af stað

Síðra-tofæran á Hellu var shaldin um helgina, um var að ræða fyrstu og aðra umferð Íslandsmótsins í tofæru. Aðeins var ekin sérútbúni flokkurinn í þessari keppni þar sem náðist ekki skráning í götubílaflokkinn. 16 keppendur voru skráðir til leiks og mikill spenna var hjá keppendum og keppnis-

höldurum. Keppnin var hörð á milli manna og má segja að þeir lögðu allt í að ná að landa sigri á Hellu.

Í fyrstu umferð var Haukur Viðar Einarsson á Heklu í fyrsta sæti, Þórður Atli Guðnýjarson á Spaðanum í öðru og Ingi Már Björnsson á Smiðju bombunni í því þriðja. Tilþrifa verðlaunin

fékk Svanur Örn Tómasson á Insane

Í annarri umferð varð Haukur Viðar Einarsson á Heklu aftur í fyrsta sæti, Geir Evert Grímsson á Sleggjunni í öðru og Jón Reynir Andrésson á Thunderbolt í þriðja. Tilþrifa verðlaunin fékk Þór Þormar Pálsson á Raptor.



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Selfosshöll formlega opnuð

Síðastliðinn mánudag var hin glæsilega nýja Selfosshöll opnuð með pomp og prakt. Boðið var upp á grillaðar pylsur og frábær tónlist-

ar- og skemmtiatriði en Eva Katrín Cassidy, Lína Langsokkur og Jón Jónsson stigu á stökk áður en formleg vígsla Selfosshallarinnar fór fram.



Móberg við Árveg

Nýja hjúkrunarheimilið á Selfossi hefur hlotið nafnið Móberg. Bæjarráðsfulltrúarnir Tómas Ellert Tómasson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Gunnar Egilsson, ásamt Baldvini Yr Hafsteinsdóttur frá HSU og bæjarstjóra sveitarfélagsins, Gísla Halldóri Halldórssyni komust að þeirri niðurstöðu að leggja til nafnið Móberg. Tillagan kemur frá Kristínu Jónu Símonardóttur og með nafninu er vísað í bæjarfall Selfoss, Ingólfsfjall, sem einkum er gert úr móbergi.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI




TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Skannaðu

Nánari upplýsingar
á floahreppur.is
&
á Facebook og Instagram
Fjör í Flóa

Fjör í Flóa



13.-14. maí 2022




FLÓAHREPPUR UMF. ÞJÓTANDI

KVENFÉLÖGIN Í FLÓAHREPPI



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Fjölskyldu- og menningarhátíð í Flóahreppi



Kjörfundur í Sveitarfélaginu Ölfusi

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Ölfusi verður haldinn laugardaginn 14. maí 2022. Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið verður í Versölum – Ráðhúsi Ölfuss. Talning atkvæða fer fram á sama stað að loknum kjörfundi.

Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Kjörstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss

Stórtónleikar

Laugardaginn 14. maí nk. 18-19

Trúbadorinn Svazor leikur fyrir gesti og gangandi á miðbæjartorginu



galleri OZONE
AUSTURVEGI 35
SELFOSSI

Virkilega Frískir Flóamenn

Frískir Flóamenn hafa staðið fyrir tveimur stórskemmtilegum viðburðum á undanförunum vikum. Fyrst var haldin nýr hlaupaviðburður á föstudaginn langa en það var „Bakgarðspislin“ sem haldin var í Hellisskógi. Þá var hlaupin ákveðin vegalengd, 1,69 km á hverjum 15 mínútum. Hlauparar hvíldu sig frá því þeir kláruðu vegalengdina og þar til ræst var á ný. Þeir sem lengst fóru, hlupu 25 sinnum af stað og hlupu því samtals 42,25 km eða heilt maraþon. Tuttugu og einn hlaupari tók þátt og þrír hlupu allan tímann. Þessi viðburður var haldinn með góðfúslegu leyfi sveitarfélagsins og Skógræktarfélags Selfoss

og heppnist mjög vel. Veður var þokkalegt og skjólgott í skóginum að vanda.

Þann 1. maí var síðan haldið hið árlega Stúdíó Sport hlaup. Þá var keppt í 5 og 10 km. vegalengdum og auk þess var samhlíða haldið nýtt hlaup fyrir 12 ára og yngri, Huppu-krakka-hlaupið. 85 tóku þátt í lengri vegalengdunum og um 65 börn í krakkahlaupinu.

Í 5 km var Arnar Pétursson fyrsti karl á tímanum 15 mín og 42 sek. og Verena Karlsdóttir var fyrsta konan á tímanum 19 mín og 5 sek. Í 10 km hlaupinu sigruðu Hannes Björn Guðlaugsson á tímanum 38 mín og 32 sek og Friða Rún Þórðardóttir

ir á 42 mín og 45 sek. Rúmlega tuttugu starfsmenn frá Frískum Flóamönnum unnu sjálfsboðavinnu við hlaupið og færur við þeim bestu þakkar fyrir sitt framlag. Næsta verkefni hópsins er brautarvarsla í Laugavegshlaupinu þann 16. júlí nk. en Frískir Flóamenn hafa séð um hana um árabil ásamt félögum úr Björgunarfélagi Árborgar.

Frískir Flóamenn hvetja alla áhugasama hlaupara að taka þátt í æfingum og starfi hlaupahópsins. Æfingar eru opnar fyrir alla og án endurgjalds, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:15 og laugardögum kl. 10 og hefjast alltaf við Sundhöll Selfoss.



Arnar Pétursson kemur í mark



Vinningshafar í 5km stelpur



Vinningshafar í 5 km strákar

MÍMIR NEMENDAFÉLAG

MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI




SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Kór Menntaskólans hefur verið í fullu fjöri síðast liðna daga. Kórinn hefur verið að undirbúa vor tónleika frá áramótum sem voru haldnir í skálholtskirkju dagana 27. og 28. apríl. Kórinn söng fyrir fulla kirkju og ríkti mikil gleði að fá loksins að halda almennilega tónleika þar sem kór Menntaskólans að Laugarvatni hefur ekki fengið að syngja fyrir framan fjölda fólks síðan árið 2019. Eyrún Jónasdóttir, stjórnandi kórsins hefur verið drifkraftur og hægri hönd kórsins í fjölda mörg ár og þökkum við henni innilega fyrir frábæra frammistöðu og metnað í starfi. Kórinn var með fjölbreytta dagsskrá og flutti ýmist kór lög og íslensk þjóðlög sem og erlend. Mikill metnaður er á bak við kórinn og voru kórmeðlimir sem og áhorfendur hæst ánægðir með frammistöðuna.



Nemendafélagið Mímir hélt lokaball síðastliðinn föstudag í Eyvindartungu. Kúrekaþema varð fyrir valinu. Nemendur skemmtu sér konunglega og hélt DJ Skúli uppi stuðinu í byrjun ballsins. Tónlistarmenn skólans stigu einnig á svið en það voru þeir 845Valdi ásamt BartBlue og hljómsveitin Kóma.

Umsjón: Margrét Inga Ágústsdóttir og Jóhannes Torfi Torfason



Við viljum samfélag ...

- ... þar sem álögur eru lágar, aðgengi íbúa að stjórnsýslunni er einfalt og skilvirkt og þar sem á sér stað virkt samtal við íbúa og atvinnulíf.
- ... þar sem umhverfismál eru í öndvegi.
- ... þar sem eru traustir innviðir, fjölbreytt atvinnu- og búsetu tækifæri og fyrirsjáanleiki í skipulagsmálum.
- ... sem er skapandi, hvetjandi og opið fyrir nýjum tækifærum.
- ... sem hvetur til fjölbreytts ferðamáta og hugar að umhverfissvænum kostum.
- ... með gróskumiklu og fjölbreyttu menningarstarfi.
- ... þar sem allir íbúar geta notið fjölbreyttra útivistarmöguleika til samveru, afþreyingar og hreyfingar.
- ... með góða grunnþjónustu þar sem við höfum öll sömu tækifæri.
- ... þar sem valfrelsi, fjölbreytileiki og sjálfstæði er í skólastarfi.
- ... þar sem allir íbúar geta notið íþrótt- og/eða frístundastarfs í afreksstarfi eða til skemmtunar.
- ... þar sem eldri íbúar geti notið lífsins á eigin forsendum.
- ... sem veitir góða þjónustu og er gott að búa í.

Vertu með í að byggja upp Árborg okkar allra – þar sem þú skiptir máli.

Fyrir hönd D-listans í Árborg
Bragi Bjarnason og Fjóra Kristinsdóttir.

XD
Árborg okkar allra
þar sem þú skiptir máli

Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar



Tryggjum reynslu, ábyrgð og almannahagsmuni í bæjarstjórn Árborgar.

Kynntu þér lista og stefnu Samfylkingarinnar á xs.is/arborg

Förum varlega en djarflega

Sigrún Hrefna Arnardóttir

frambjóðandi 4. sæti Framfaralistans í Flóahreppi



Kæru sveitungar senn líður að kosningum. Uppskeruhátið lýðræðissamfélaga þar sem því er ráðið til lykta hverjir bera þá ábyrgð að taka sæti við stjórnvöl-inn. Nú er það blessunarlega svo að við kjósendur veljum úr hópi þeirra sem hafa boðið fram tíma sinn og þekkingu. Sveitarstjórn þarf að samanstanda af einstaklingum sem þekkja sin gildi og hafa skýra samfélagssýn. Aðeins þannig geta þeir þjónað samfélaginu og tekið ákvarðanir til heilla og framfara. Með eftirfarandi orðum vil ég freista þess að varpa ljósi á sýn mína og gildi, ég vil einnig hvetja lesendur til ábyrgðar að nýta kosningarétt sinn. Lýðræðið er á okkar ábyrgð.

Nú hef ég boðið fram krafta mína með því að taka 4. sæti Framfaralistans. Ég sækist þar með eftir því að bera ábyrgð og um leið hafa áhrif til hins betra. Þetta geri ég vegna áhuga míns um gott samfélag.

En hvað er gott samfélag?

Því er ekki svarað með einföldum hætti en byggist væntanlega á mörgum samverkandi þáttum. Þar má nefna fjölskylduvænt umhverfi þar sem utanumhald skóla og æskulýðsstarfs er vel skipulagt. Staðinn sé vörður um öryggi og forvarnir til handa ungmönnum okkar og æskulýð. Ég trúi því að í samfélagi þar sem

hver einstaklingur skiptir máli og fær jákvæða athygli og hvatningu til góðra verka sé fölginn mikil forvörn gegn neikvæðum áhrifum sem því miður herja á okkur á hverjum tíma.

Það er ekki síst þess vegna sem við í Framfaralistanum ætlum að skoða að ráðinn verði æskulýðs- og tómstundafulltrúi á kjörtímabilinu til að sinna ungmennum okkar og öðrum skjólstaðingum samfélagsins. Þetta teljum við vera skynsama og jákvæða fjárfestingu í framtíðina.

Aðstaða til íþróttar- og menningariðkunar þarf að stórbatna og ég tel að með uppbyggingu íþróttar- og menningar seturs verði lagður grunnur að raunverulegri lýðheilsustefnu þar sem Flóahreppur gefur félagsamtökum og einstaklingum færi á að bjóða upp á margbreytilega og uppbyggjandi starfsemi.

Menning og gott samfélag.

Menningarhugtakið getur lýst bæði jákvæðum og neikvæðum athöfnum. Það er hins vegar okkar skylda sem einstaklinga að fylla hugtakið jákvæðri merkingu. Góðar hugsanir framkalla góð orð sem við færum í góðar athafnir.

Menning er einstök í litlum samfélögum og að henni þarf að hlúa með því að hvetja íbúa til virkrar þátttöku. Einnig með því að skapa vettvang til samveru, fræðslu og skemmtunar. Menningarnefnd er eitt þeirra verkfæra sem við höfum til að halda uppi skipulagðri menningarstarfsemi. Ég er stolt af því að hafa farið með formennsku í þeirri nefnd á liðandi kjörtímabili og er þakklát fyrir samstarfið þrátt fyrir erfiðar aðstæður á tímum heims-

faraldurs. Það er stefna okkar hjá Framfaralistanum að sameina æskulýðs-, íþróttar- og menningarstarfið. Þannig teljum við að hægt sé að setja skýrari markmið og ná fram góðri hagræðingu.

Það er markmið mitt sem frambjóðanda að standa vörð um það sem hreif mig sem mest við fyrstu kynni mín af okkar góða samfélagi. Þar langar mig helst að nefna fjölskyldu- og menningarviðburði þar sem við gleðjumst saman með ábyrgum hætti og með þátttöku ungra sem aldraðra.

Ungur nemur, gamall temur.

Stuttar boðleiðir, lausnamiðuð stjórnsýsla og fjárhagslegur stöðugleiki.

Það er afar mikilvægt að kerfið þjóni fólkinu og ég tel það skylda mína, hlotnist mér það traust að taka sæti í sveitarstjórn Flóahrepps, að stuðla að lipurð og ráðvæðni í þjónustu minni við íbúa sveitarfélagsins. Stöðugleiki og ábyrg stjórnun er nokkuð sem hafa ber að leiðarljósi í rekstri sveitarfélags og þau gildi er ég einnig tilbúin að varða. Það væri óábyrgt að líta undan því að kostnaður fylgir framkvæmdum og annarri opinberri þjónustu, þess vegna vil ég með víðsýni leita leiða til að auka atvinnustarfsemi í Flóahreppi og er sannfærð að vel sé hægt að skapa aðlaðandi tækifæri fyrir starfsemi sem skilar okkur arði.

Ég vil hvetja alla kosningabæra að taka þátt í mótun og stjórnun okkar góða Flóahrepps með því að nýta kosningarétt sinn sem er undirstaða lýðræðis.

Merkjum X við I

Selfoss Classic – 75 ára afmælistótt FRÍ

Þann 28. maí fer fram boðsmótið Selfoss Classic – 75 ára afmælistótt FRÍ á Selfossvelli. Margt af okkar fremsta frjálfsíþróttafólki mun keppa ásamt sterkum erlendum keppendum. Vésteinn Hafsteinsson, fyrrum Íslandsmethafi í kringlukasti, mætir með strákana sína, Daniel Stáhl og Simon Pettersson sem unnu til gull- og silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Tókýó á síðasta ári.

Það verður skemmtileg dagskrá í boði fyrir alla sem hafa áhuga á að kynnast því hvernig

líf og þjálfun afreksíþróttamanns er háttað. Vésteinn mun halda fyrirlestur um afreksþjálfun, það verður opin æfing

með Stáhl og Pettersson þar sem fólk getur séð hvernig þeir æfa og spurt spurninga



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Ég er alveg hlessa hreint, hundinum það tengist beint, misvel endist mönnum hjá og margir þennan skratta fá.

- Svar við gátu í blaði 2647: **LAPPI**
2. Lína: **LAPPI**, maður frá Lappalandi
3. Lína: Prufu**LAPPI** - 4. Lína: Gúmmibót á skó



Ég þakka Jónheiði kærlega fyrir þessa áskorun, ekki grunaði mig að ég fengi þann heiður að vera matgæðingur vikunnar.

Ég er kannski ekki sú fyrsta sem fólki dettur í hug þegar kemur að girnilegum kræsingum, en ég vissi strax hvaða uppskrift mig langaði að deila með ykkur.

Svo bar til að sem barn dvaldi ég öll sumur í sveit hjá ömmu minni í Vigur í Ísafjarðardjúpi. Þar var nokkuð fasthaldinn matseðill, vellitur á þriðjudögum og pizza á föstudögum t.d.

Á fimmtudögum var alltaf eggjakaka. Upprunalega uppskriftin frá ömmu var frekar skemmtileg, 20 æðaregg, (sem eru víst ekki fánleg á hverju strái), poki af hveiti og hnefi af salti eða álíka nákvæmar mælieiningar, enda uppskrift fyrir rúmlega 20 manns. Ég læt hér fylgja nokkuð raunhæfari uppskrift sem hentaði vel fyrir mína 5 manna fjölskyldu:

Eggjakaka úr Vigur

9 hænuegg
½ kg. hveiti
75. gr. smjörlíki
1½ tsk sykur
½ tsk salt
1 tsk lyftiduft
1 tsk natron
vanilludropar
hafragrautur úr einni könnu (ca. 1 bolli)

Bakað eins og pönnukökur og raðað í stafla. Skorið í sneiðar eins og kaka og borðað með sykri, þeyttum

Mig langar svo að skora á **Ingunni Jóns**, ég er viss um að hún lumi á einhverju góðgæti.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Sigríður Hafsteinsdóttir, er Matgæðingurinn þessa viku

rjóma og rabarbarasultu. Nú er ég hins vegar komin á ketóhliðina svo ég læt líka fylgja uppskrift af ketóvænum pönnukökum sem má gjarnan borða í kvöldmatinn með þeyttum rjóma og sykurlausri sultu.

Ketópönnur - 2 skammtar, eða fyrir einn gráðugan (ca 8 stykki):

4 egg
4 tsk psyllium husk trefjar
4 tsk kókosheiti
ca. 2 dl möndlumjólk (eða önnur mjólk að eigin vali)
15 gr bráðið smjör
10 gr próteinduft (ég nota collagenduft úr Costco, en það er til allskonar öðruvísi. Má líka sleppa)

Hrærið allt saman í slétt deig og bakið eins og venjulegar pönnukökur. Ef deigið verður of þykkt má bæta við meiri mjólk. Það getur þurft smá þolinmæði við þessar, þær eru lausari í sér en þær hefðbundnu.

Fjör í Flóa

Íbúar í Flóahreppi bjóða gesti velkomna á stórskemmtilega fjölskyldu- og menningarhátíð sem haldin verður 13.-14. maí.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna, nánari upplýsing-

ar á flóahreppi.is á Facebook og Instagramsíðu Fjör í Flóa. Hlökkum til að sjá ykkur.

Menningarnefnd Flóahrepps.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



XV

- Akstur á kjörstað í síma 696 6235
- Kosningakaffi á kjördag frá kl. 10.00

Kjósum VG

Opnunartími kosningamiðstöðvar
okkar í Fagrabæ við Bankaveg:
Virkir dagar 16–18, helgar 11–17

Við erum á Facebook:
Vinstri Græn í Árborg





TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

FRAMHALDSPRÓFSTÓNLEIKAR & SKÓLASLIT

Tveir nemendur ljúka framhaldsprófi frá Tónlistarskóla Árneseinga með opinberum tónleikum í **Hveragerðiskirkju** núna í vor.

17. maí kl. 18:00 heldur **Arnar Gísli Sæmundsson** söngtónleika

19. maí kl. 18:00 heldur **Elísabet Anna Dudziak** fíðlutónleika



Arnar Gísli



Elísabet Anna

Hvetjum við Sunnlendinga til að nýta sér þetta góða tækifæri til að hlýða á glæsilega tónleika, enda liggur mikil vinna að baki þegar kemur að útskrift frá skól-
anum.

Skólaslit í maí

Á hverjum kennslustað eru haldin skólaslit með tónlistarflutningi og afhendingu prófskrirteina.

Dagskrá skólaslitanna er skemmtilega ólík milli kennslustaða og ræðst það af nemendafjölda.

mánud. 16. maí

17:00 – **Flúðir** – í Félagsheimili Hrunamanna

föstud. 20. maí

11:00 – **Kerhólsskóli** – í Félagsheimilinu Borg

16:00 – **Reykholt** – í Félagsheimilinu Aratungu

17:30 – **Laugarvatn** – í grunnskólanum

mánud. 23. maí

16:00 – **Þjórsárskóli** – í Félagsheimilinu Árnesei

18:00 – **Stokkseyri/Eyrarbakki** – í Barnaskólanum á Stokkseyri

18:00 – **Þorlákshöfn** – í Þorlákskirkju

þriðjud. 24. maí

16:00 – **Flóaskóli** – í Þjórsárver

18:00 – **Hveragerði** – í Hveragerðiskirkju

miðvikud. 25. maí

18:00 – **Selfoss** – í Sunnulækjarskóla

Aðgangur að tónleikum og skólaslitum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir!

Takk fyrir okkur!



Við í Framsókn í Árborg tilheyrum blómstrandi og lifandi samfélagi þar sem börnin okkar hafa, munu eða eru að alast upp. Samfélag þar sem við viljum að allir blómstri óháð því hvaða spil þeir fengu á hendi. Samfélag þar sem við viljum njóta ævídagana.

Listann skipa frambjóðendur á öllum aldri og úr öllum kimum samfélagsins. Stefna okkar er að fólk og velferð þeirra verði í öndvegi. Fjölskyldan er sú grunn-eining sem allt í samfélagi okkar

snýr að og því teljum við mikilvægt að setja málefni hennar á oddinn við alla ákvarðanatöku og framtíðarstefnumótun. Með því að leggja ríka áherslu á snemmtæka íhlutun í menntakerfi sveitarfélagsins og barnið sé í forgrunni þegar kemur að þjónustu við fjölskylduna svo að hún geti blómstrað í samfélaginu.

Við í Framsókn ætlum að jafna leikinn með því að auka aðgengi barna, unglinga og aldraðra að íþróttum og frístundastarfi óháð efnahag og skapa samfélag

í fararbroddi varðandi aðstöðu fyrir íþrótt- og menningarstarfsemi.

Efst í huga okkar nú þegar kosningar eru á næsta leyti er þakklæti til allra þeirra sem hafa frætt okkur betur um sveitarfélagið, allra þeirra sem hafa tekið sér tíma til þess að upplýsa okkur um hvað vel hefur verið gert, hvað má betur fara og að hverju þarf að hyggja á komandi árum og áratugum. Mikilvægt er að við fjölgum búsetuúræðum fyrir aldraða og eflum heimaþjónustu fyrir fólkið okkar sem lagði grunninn að því sem við höldum áfram að byggja framtíðina á.

Við teljum okkur vera öflugan málsvara í sveitarfélaginu okkar og munum berjast fyrir því að það haldi áfram að vaxa og dafna. Því viljum við gera Árborg eftirsóknaverða fyrir atvinnufyrirtæki. Við í Framsókn ætlum að fjárfesta í fjölskyldunni á komandi kjörtímabili!

Nýtum kosningaréttinn okkar, látum framtíðina ráðast á miðjunni og setjum X við B næstkomandi laugardag, 14. maí.

Frambjóðendur á lista Framsóknar í Árborg

Húsnæði undir listsköpun og veljum bæjarlistamann

Jón Özur Snorrason

3. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.



Pétur Már Guðmundsson

6. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.



sem laðar að sér gesti. Og sumir þeirra setjast jafnvel að í næstu gördum.

Að setja þessa blómlegu rækt í samhengi við þróun og þroska sveitarfélagsins Árborgar er okkur talsvert hugðarefni. Enda höfum við komið nálægt menningarstarfi í Árborg í gegnum tíðina. Hér er vissulega frábær tónlistarskóli, leikhús á bókum árinna, nýinnréttuð aðstaða byggðasafnsins á Eyrarbakka, kirkjur og kaffihús. Við gerum ekki lítið úr því. En hvar er hið sameiginlega rými þar sem vinnustofur, sýningarsalir fyrir margskonar uppakomur, aðstaða fyrir tónleika og kvikmyndahald kemur saman? Hvar geta nemendur listabrotar unnið og skapað að námi loknu, haldið sýningar eða tónleika? Hvar getum við tekið á móti erlendum listamönnum til tímabundinnar dvalar?

Sveitarfélagið þarf líka að eiga í virku samtali við grasrót listamanna. Og það samtal þarf vissulega að snúast um aðstöðu en ekki síður um það að

móta menningarstefnu og fylgja henni eftir. Ein leið í þeim markmiðum er að velja okkur reglulega bæjarlistamann sem gæti falið í starfslaunum frá þremur til tólf mánuða. Fjölmargir listamenn þessa sveitarfélags fá lítinn sem engan stuðning. Listamenn sveitarfélagsins verða að fá hvatningu og stuðning.

Ávinningurinn er ótvíræður fyrir listsköpunina, listamennina, gesti sem eiga leið um Árborg og íbúa svæðisins. Þetta er einmitt það sem hefur sýnt sig víðsvegar um land. Menningarstarfsemi hefur óbein áhrif á allt nærumhverfi sitt og dregur til sín fjölbreytta atvinnustarfsemi líka. Þannig er hún eins og stóriðja. Ólík þeirri stóriðju sem helst hefur verið vinsæl á Íslandi þá er þessi stóriðja hvorki mengandi né ofurseld heimskapitalismanum. Hún er valdeflandi, sjálfsmyndarstyrkjandi vítamín bomba sem lyftir okkur áfram og tengir okkur saman og við okkur sjálf. Slagorðið er: Húsnæði undir listir og veljum bæjarlistamann Árborgar.

Daskrá næstu daga



Fimmtudagur 12. maí - Götu grill Á Eyrarvegi 5, frá kl. 18:00

Ásmundur Einar Daðason, Lilja Alfreðsdóttir og

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir mæta.



Föstudagur 13. maí - Opið hús til miðnættis

Tökum á móti gestum og gangandi á kosningaskrifstofu Framsóknar í Árborg, á Eyravegi 5 frá kl. 16:00 til miðnættis.

Laugardagur 14. maí - Kosningakaffi

Allir velkomnir í kosningakaffi frá kl. 10:00 - 20:00 í Betri stofunni á Hótel Selfossi.

Laugardagur 14. maí - Kosningavaka

Allir velkomnir í kosningavöku í Konungskaffi, Brúarstræti 2 frá kl. 20:00.



„Hagur fjölskyldunnar skiptir mig miklu máli. Ég vil vinna fyrir samfélagið okkar og leggja mitt að mörkum.“

Gísli Guðjónsson
er í **baráttusætinu**
og þarf á þínum
stuðningi að
halda!



Gísli Guðjónsson skipar 3. sæti
á lista Framsóknar í Árborg.

HÚS í bæ HÚS í borg HÚS í sveit



Austurvegi 26, 800 Selfoss



Aðalfundur Styrktarfélags Klúbbsins Stróks verður þriðjudaginn 24. maí

að Skólavöllum 1, Selfossi, klukkan 17:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Fundurinn er öllum opinn og hvetur stjórnin fólk til að mæta og kynna sér málefni Klúbbsins Stróks.

Stjórnin

Sumarstarf á heimilinu Birkimörk í Hveragerði

Óskum eftir að ráða starfsfólk, 18 ára og eldra, í sumarafleysingar á heimili fatlaðs fólks.

Í boði eru áhugaverð störf við að aðstoða fatlað fólk við heimilishald, félagslega þátttöku og athafnir daglegs lífs. Um er að ræða vaktavinnu og eru laun greidd skv. gildandi kjarasamningi sambands

Nánari upplýsingar veitir Steinunn Jónsdóttir, forstöðuþroskapjálfi, birkimork@hveragerdi.is, sími 483-4030 alla virka daga frá kl. 8-16

Umsóknir óskast í gegnum íbúagátt á vef Hveragerðisbæjar.

Ég er þakklát foreldrum mínum fyrir lestraruppeldið

segir lestrarhesturinn Ólafía Guðrún Friðriksdóttir

Ólafía Guðrún Friðriksdóttir er fæddur og uppalinn Selfyssingur sem verður 17 ára á árinu. Hún útskrifaðist úr Valla-skóla á Selfossi fyrir ári síðan og er nú að klára sitt fyrsta námsár á náttúrufræðilínu við Fjölbautaskóla Suðurlands. Auk námsins vinnur Ólafía í Blóma-vali á Selfossi um helgar og á sumrin. Hún stefnir á að ljúka stúdentsprófi frá FSu vorið 2024 og fara síðan að öllum líkindum í háskólanám í jarðeðlisfræði.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Eins og er ég að lesa nokkrar bækur. Sú fyrsta er glæpasagan Urðarköttur eftir Ármann Jakobsson en áður hef ég lesið bókina Útlagamorðin eftir sama höfund og fannst mér hún mjög áhugaverð og langaði mig til að lesa meira um persónurnar í henni. Síðan er ég að lesa bókina Skógurinn eftir Hildi Knútsdóttur en sú bók er loka-bindi í þrileik eftir hana. Fyrri bækurnar í þeim þrileik hétu Ljónið og Nornin og voru þær mjög skemmtilegar. Að lokum er ég að lesa eina bók í íslensku-áfanga sem ég er nú í, það er bókin Undir Yggdrasil eftir Vilborgu Davíðsdóttur. Sú bók er söguleg skáldsaga um persónur á landnámsöldum og má m.a. nefna að aðalpersóna hennar er barnabarn Auðar djúpuðgu Ketilsdóttur sem er mjög áhugavert.

En hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég hef lesið allskonar bækur en myndi þó segja að íslenskar glæpasögur höfðu mest til mín eins og er. Mér finnst glæpasögur mjög spennandi og það er einnig ákveðin spenna sem fylgir því að sögurnar gerist á Íslandi. Einnig hef ég mikið verið að lesa dramasögur um unglinga og þá sérstaklega bækur eftir rithöfundinn John Green. Það vekur áhuga minn að lesa bækur um fólk sem er á svipuðum stað í lífinu og ég er sjálf.

Ertu alin upp við lestur?

Frá því að ég man eftir mér hafa foreldrar mínir alltaf lagt mikið upp úr því að ég sé dugleg að lesa. Þegar ég var ung las mamma alltaf fyrir mig áður en ég fór að sofa og þegar ein bók kláraðist var alltaf strax byrjað á nýrri. Það voru allskonar bækur lesnar fyrir mig sem barn en ég hélt sérstaklega upp á bækur eftir Sigrúnu Eldjárn. Þar voru bækurnar Eyja Gullormsins og Forngripasafnið í miklu uppáhaldi. Einnig hef ég alltaf haldið mikið upp á sögurnar



um galdramanninn Harry Potter og voru þær lesnar nokkrum sinnum fyrir mig þegar ég var ung. Fljótlega var ég síðan sjálf byrjuð að lesa fyrir svefninn því mikil áhersla var lögð á lestrar-kennslu á mínu heimili og ég nærri orðin læs þegar ég hef grunnskólagöngu mína. Ég fór líka oft á sumarlestrarnámskeið á Bókasafni Árborgar sem voru í minningunni mjög skemmtileg. Nú í dag er ég mjög þakklát foreldrum mínum fyrir að hafa lagt svona mikla áherslu á lestur á heimilinu og tel ég það hafa hjálpað mér mikið við skólagöngu mína.

En hvernig lýsir þú lestrar-venjum þínum?

Á þeim tímum þar sem mikið er að gera í skólanum er ég ekki mikið að lesa mér til gamans heldur aðeins skólabækur. Í fríum er hins vegar alltaf einhver bók á náttborðinu sem ég gríp í og jafnvel margar. Ég tengi lestur göðra bóka sérstaklega mikið við jólin en þau hafa alltaf verið tíminn sem ég hef lesið hvað mest. Ég fékk alltaf fullt af bókum í jólagjöf sem ég las svo í jólafríinu og eru það mjög friðsælar stundir sem mér þykir mjög vænt um.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?

Það eru nokkrir höfundar sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér og bíð ég alltaf spennt eftir nýjum bókum frá þeim. Sá fyrsti er John Green sem skrifaði m.a. bækurnar Skrifað í stjörnur og Leitinn að Alösku. Bækur eftir hann hafa lengi verið í miklu uppáhaldi hjá mér en hann skrifar dramasögur um unglinga á framhaldsskólaárum sem höfðu mikið til mín. Einnig hefur Hildur Knútsdóttir verið í miklu uppáhaldi en hún

skrifaði m.a. bækurnar Vetrafri og Vetrahörkur. Eftir að hafa lesið þessar tvær bækur eftir hana var hún strax orðin ein af mínum uppáhalds rithöfundum því þær fönguðu mig alveg. Svo er ég einnig nýlega byrjuð að lesa bækur eftir glæpasagnahöfundinn Ragnar Jónasson og er hann strax orðinn einn af mínum uppáhalds höfundum. Eins og ég sagði áður höfðu íslenskar glæpasögur mikið til mín og eru hans sögur mjög spennandi og vel skrifaðar. Svo eru líka margir aðrir höfundar sem hafa verið í miklu uppáhaldi hjá mér fyrir.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Það hefur einu sinni gerst að bók hefur rænt mig svefni en það var þegar ég las bókina Hvísl Hrafnanna eftir Malene Sölvsten en hún er skáldsaga sem hefur tengingu við norræna goðafræði. Sú bók heltók mig alveg og hef ég oft óskað þess að geta upplifað það aftur að lesa hana í fyrsta skipti.

En að lokum Ólafía, hvernig rithöfundur ert þú?

Ég hef skrifað nokkrar smásögur við skólagöngu mína og hef þá alltaf skrifað sorglegar dramasögur en að einhverri ástæðu finnst mér gaman að skrifa þannig sögur. Þó myndi ég helst vilja skrifa barnabækur ef ég væri rithöfundur. Þar er hægt að láta ímyndunaraflíð ráða ferðinni og skrifa allskyns ævintýrasögur. Svo höfðu líka margir rithöfundar mikil áhrif á mig sem barn með bókum sínum því lestur var svo stór partur af mínu lífi á þeim tíma. Það væri gaman að geta haft svipuð áhrif á önnur börn með því að skrifa bækur sem snerta við þeim og hefðu einnig skemmtanagildi

Umsjón með Lestrarhesti hefur Jón Özur Snorrason



KJÓSUM D-LISTANN Í ÖLFUSI ÞANN 14. MAÍ!

KAMBAR LEITA AÐ STARFSFÓLKI Í FRAMLEIÐSLU



Vegna aukinna umsvifa hjá öflugu félagi leitum við að jákvæðum og samviskusömum einstaklingum til starfa í framleiðslu á starfsstöð okkar á Selfossi.

Viðkomandi þurfa að vera vandvirkir, hafa gott auga fyrir smáatriðum og geta unnið bæði sjálfstætt og með öðrum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Framleiðsla á vörum fyrirtækisins
- Önnur tilfallandi verkefni

Umsóknir berist á umsoknir@kambar.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí.



Söluskrifstofa Smiðjuvegi 2 | Sími 488 9000 | kambar.is

SAMVERK
GLERVERKSMÍÐJA

BÖRKUR
TRÉSMÍÐJA

GLUGGASMIÐJAN
SELFÖSS

SVEINATUNGA
SVALAHANDRIÐ

Hjá Kömbum sameinast kraftar fjögurra rótgróinna íslenskra framleiðslufyrirtækja. Hjá okkur sameinast áratuga reynsla og þekking á íslenskum byggingarmarkað og saman erum við einn stærsti framleiðandi landsins á gluggum, gleri og hurðum fyrir íslenskar aðstæður.



Sumarafleysingar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli

Við hjá Sláturfélagi Suðurlands viljum gjarnan ráða hressa og röska sumarstarfsmenn til okkar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli, heimili SS pylsunnar og fleiri gæðavara. Í kjötvinnslunni starfar samhentur og góður hópur fólks sem tekur vel á móti sumarafleysingafólki sem vill starfa með okkur í sumar. Ef þú ert 16 ára á árinu eða eldri og hefur áhuga á að taka þátt í að framleiða gæðamatvörur í sumar þá hvetjum við þig til að sækja um hjá okkur. Um vaktavinnu gæti verið að ræða. Athugið að boðið verður upp á akstur milli Selfoss og Hvolsvallar í sumar.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, ss.is og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um SS.

Nánari upplýsingar veitir verksmiðjustjóri í síma 488-8200.



Sölumaður - varahlutir - verslun

Óskum eftir að ráða starfsmann í sumarafleysingar á starfsstöð okkar á Selfossi. Möguleiki er á framtíðarstarfi. Starfið felst í sölu varahluta til viðskiptavina okkar um allt land, verslunarstörf og lagerstörf. Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf á líflegum vinnustað þar sem í boði eru samkeppnishæf laun og gott vinnuumhverfi.

Við hvetjum konur til jafns við karla að sækja um.

Helstu verkefni

- Afgreiðsla varahluta
- Almenn verslunarstörf
- Vörumóttaka og lagerstörf

Hæfniskröfur

- Góð tölvukunnátta
- Enskukunnátta
- Reynsla og þekking á vélum og landbúnaði er kostur
- Metnaður og frumkvæði í starfi
- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og gott viðmót í samskiptum
- Ökuréttindi

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 16. maí. Skilyrði er íslensku kunnátta, hreint sakavottorð og reglusemi. Umsækjendur eru beðnir að senda upplýsingar og ferilskrá á netfangið starf@aflvelar.is

Sterk liðsheild til forystu í Sveitarfélaginu Árborg

Nú eru aðeins nokkrir dagar þangað til íbúar Sveitarfélagsins Árborgar ganga til kosninga og velja hverjum þeir treysta til að leiða sveitarfélagið næstu fjögur árin. Það er mikilvægt að þeir sem fá umboð til að leiða sveitarfélagið hafi faglega hæfni, vilja og getu til að vinna saman sem sterk liðsheild í traustu teymi, því þannig næst árangur sveitarfélaginu til heilla.

Það er líklega öllum ljóst að mikil uppbygging hefur átt sér stað í Árborg á síðustu árum. Fjölmargir hafa kosið að flytja til Árborgar og njóta þess að búa og starfa í fjölskylduvænu samfélagi. Í Árborg eru fjölmörg tækifæri til áframhaldandi uppbyggingar, hvort sem það tengist búsetu, atvinnu, menningu eða leik. Það er þó ljóst að verkefni og áskoranir komandi tíma eru veruleg og þarf sveitarfélagið að tryggja öllum íbúum viðeigandi grunnþjónustu. Einnig þarf að huga að fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og innviðaupbyggingu.



hópur sem vinnur saman í öruggu og sterku teymi nær betri árangri og finnur frekar lausnamiðaðar nálganir til að takast á við verkefni. Í sterku teymi þar sem ríkir traust á milli aðila eru minni líkur á mistökum og ákvarðanir eru vandaðri. Gott teymi eykur afköst og stuðlar að aukinni nýsköpun og fleiri hugmyndir verða til.

D-listinn, sterk liðsheild og öflugt teymi.

D-listinn í Árborg býður fram lista með öflugum fólki og sterkri liðsheild. Fyrir listanum fer samheldi teymi með sérþekkingu á málaflokkum sveitarfélagsins, svo sem fjármálum, atvinnumálum, fyrirtækjarekstri, velferðarmálum, íþróttum og frístundum, menningu og innviðaupbyggingu.

Verði það val kjósenda að

treysta D-listanum til að leiða Sveitarfélagið Árborg næstu fjögur árin munum við sem sterk liðsheild takast á við þau verkefni sem eru fram undan. Við munum leggja áherslu á vandaða stjórnsýslu og að finna farsælar lausnir í samvinnu við íbúa til að tryggja hagsæld samfélagsins og velferð íbúa í Árborg.

Með sterkri liðsheild og samvinnu getum við mótað skýra framtíðarsýn í Árborg okkar allra – þar sem allir skipta máli.

Bragi Bjarnason
Fjóla St. Kristinsdóttir
Kjartan Björnsson
Sveinn Egir Birgisson
Brynhildur Jónsdóttir
Helga Lind Pálsdóttir
Þórhildur Dröfn Ingvaldóttir
Xdarborg.is

Bláskógabyggð blómstrar

Stöðug uppbygging hefur verið í Bláskógabyggð síðustu árin. Fyrirtæki hafa stækkað og eflst, sveitarfélagið hefur byggt upp innviði og aukið framboð íbúðalóða sem einstaklingar og fyrirtæki hafa keppt um. Á kjörtímabilinu hefur verið úthlutað 28 lóðum fyrir 65 íbúðir og munar um minna í tæplega 1.200 manna samfélagi. Ný deiliskipulög fyrir Laugarás, Laugarvatn og Reykholt, eru grunnur að frekari framþróun og skapa tækifæri til uppbyggingar af ýmsu tagi.

Jafnhliða því sem nýjar götur hafa orðið til hefur verið unnið að frágangi eldri gatna og göngustíga, frágangi opinna svæða og snyrtingu umhverfis. Leiksvæði grunnskólanna hafa gengið í gegnum algera endurnýjun og viðhald skóla- og íþróttamannvirkja verið aukið til muna. Metnaður fulltrúa T-lista stendur til að halda áfram á þessari braut og hafa verið unnar áætlanir um áframhaldandi uppbyggingu til næstu ára.

Nýr og glæsilegur leikskóli var tekinn í notkun í Reykholti

og hefur sveitarfélagið því burði til að taka á móti fleiri íbúum af yngstu kynslóðinni. Aukið var við húsnæði Bláskógaskóla á Laugarvatni. Fyrir dyrum stendur úttekt á rýmishörf leik- og grunnskóla, enda getur enn frekari íbúafjöldun skapað nauðsyn til stækkunar. T-listi leggur áherslu á að sveitarfélagið geti hæglega tekið á móti fleiri íbúum. Einn liður í því er styrking hita- og vatnsveitu, sem nú er unnið að.

Þjónusta við eldri borgara hefur verið augin, m.a. með heimsendingu á mat og bættri aðstöðu til félagsstarfs. Vilji er til þess að ráða starfsmann til að sinna enn frekar þörfum eldri borgara. Unnið hefur verið að því að fá stjórnvöld til að samþykkja uppbyggingu hjúkrunarheimilis á svæðinu og rætt við fulltrúa þeirra um möguleika á aukinni dagþjónustu.

Mikil áhersla hefur verið á hagsmunagæslu fyrir sveitarfélagið. Þar má nefna mál-efni hálendisins, þar sem þeim áfanga var náð að hugmyndir um þjóðgarð verða ekki útfærð-

Helgi
Kjartansson

Oddviti T-listans
í Bláskógabyggð



ar án aðkomu sveitarfélagsins. Einnig í samgöngumálum, þar sem stöðugt hefur verið minnt á þörf fyrir úrbætur á vegakerfinu.

Umhverfismál hafa fengið mikla athygli. Unnið er að stórfelldum úrbótum í fráveitumálum á Laugarvatni og í Reykholti, sorpflokkun hefur verið augin og loftslagsstefna er í vinnslu. Miklar áskoranir eru framundan í umhverfismálum og eru fulltrúar T-lista reiðubúnir til að takast á við þær.

Miklu skiptir að stöðugleiki ríki í rekstri og stjórnun sveitarfélagsins. Ábyrg stjórnun fjármála skilar tækifærum til enn frekari uppbyggingar í þágu íbúanna. Tækifærin liggja í Bláskógabyggð! Tryggjum að unnt verði að nýta þau með því að setja X við T-lista á kjördag.

Daníel 5. sæti



Dagbjört 3. sæti



Álfheiður 1. sæti



Axel 2. sæti



Ástrós 4. sæti



Gunnar 6. sæti



Framtíðin er núna!

XÁ
ÁFRAM ÁRBORG

**Jafnrétti
Velferð
Vönduð vinnubrögð**

**Gagnsæi
Íbúalýðræði
Ábyrg fjármálastjórn**

Áfram Árborg vill að sveitarfélagið verði fallegt og nútímalegt sveitarfélag þar sem hver byggðakjarni fær að njóta sín á eigin forsendum. Árborg er höfuðstaður Suðurlands í örum vexti og með fjölbreytt tækifæri til að skara fram úr í nýsköpun, mennta- og umhverfismálum. Árborg verður vel rekið sveitarfélag og eftirsóknarvert til að búa í með framúrskarandi þjónustu við alla íbúa og fyrirtæki. Þannig tryggjum við lífsgæði allra.

Skannaðu og kynntu þér
stefnumálin:



Kynntu þér stefnumálin á aframARBORG.is



**Fjölskyldan í
sókn með
Framsókn!**

framtíðin ræðst á miðjunni —
xB
framtíðin ræðst á miðjunni

Framsókn í Árborg

Frá vinstri: Díana Lind Sigurjónsdóttir,
Gísli Guðjónsson, Arnar Freyr Ólafsson,
Elly Tómasdóttir, Matthías Bjarnason

Af hverju bæjarmálafeðlag?

Vissir þú að Áfram Árborg er eina framboðið í Árborg með málefni hinsegin samfélagsins í stefnuskrá sinni?

Vissir þú að Áfram Árborg er eina framboðið þar sem nærri 60% framboðenda eru konur?

Vissir þú að stór hluti framboðenda Áfram Árborgar er aðfluttur – í samfélagi þar sem 30% íbúa eru nýbúar er Áfram Árborg sterkur málsvari?

Vissir þú að Áfram Árborg er búinn að tilkynna hverjir eiga að fara í nefndir frá þeim út frá reynslu og þekkingu til að tryggja faglega nefndarvinnu?

Vissir þú að Áfram Árborg er með skýra sýn á nýsköpun og því sem frumkvöðlar þarfnast?

Vissir þú að Áfram Árborg er með metnaðarfullstu umhverfisstefnu framboða í Árborg?

Af hverju ákveður maður að bjóða sig fram undir merkjum bæjarmálafeðlaga fyrir Árborg?

Það gefur fólki sem er óháð og ekki bundið neinum stjórnmálaflokk raunverulega rödd í stjórnmálum sveitarfélagsins og er ekki lítað af landspólitíkinni.

Það gefur fólki sem er óháð

Axel Sigurðsson

2. sæti Áfram Árborgar og er fulltrúi Á listans í Skipulags- og byggingarnefnd



raunverulega rödd inn í stjórnmál sveitarfélagsins og tækifæri á að komast í nefndir, og þannig fáum við sem samfélag þverfaglegri og hlutlausari nefndarvinnu sem er ekki lítuð af flokkspólitík

Sameiginlegt framboð líkt og hér, þar sem við komum okkur saman um stefnumál fyrir bæjarfélagið okkar, erum laus við miðstýringu frá höfuðstöðvum flokka sem tryggir okkur frelsi til að vinna að aukinni farsæld samfélagsins í heild er eitt það mikilvægasta sem framboð geta komið með að borðinu

Fyrir alla sem vilja fagleg vinnubrögð, framsýni fyrir samfélagið og lausnamiðaða hugsun því „glögg er gests augað“ hinna aðflutta.

Þá er Áfram Árborg fyrir þig, því framtíðin er núna til að eignast betra samfélag.

Vinum saman að bjartri framtíð

Framfarasinna í Ölfusi bjóða fram lista með öflugum fólki á breiðum aldri fyrir sveitarstjórnskosningarnar n.k. laugardag, 14. maí. Á listanum er víðsýnt og áhugasamt fólk með reynslu, þekkingu og færni til að leiða áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins og reka stofnanir þess með ábyrgum hætti. Markmið hópsins hefur frá upphafi verið að vinna saman að umbótum og framförum í sveitarfélaginu okkar. Við höfum um rætt við íbúa, forvars menn fyrirtækja og starfsfólk sveitarfélagsins, hlustað og teljum okkur hafa skýra sýn á það sem gera þarf á næstunni til að bæta þjónustu og byggja upp öflugra samfélag. Við munum halda áfram að hlusta og við munum vinna í þágu samfélagsins.

Rekstur sveitarfélags er verkefni sem aldrei tekur enda. Við ætlum hins vegar á fyrstu dögum okkar að leggja áherslu á eftirfarandi:

- Auglýsa starf bæjarstjóra, endurskoða stjórnsýslu sveitarfélagsins og hlúa að starfsfólki til að tryggja árangur og velliðan í starfi.
- Auglýsa 100% starf forstöðumanneskja á 9-unni og í framhaldinu koma á velferðarteymi í samstarfi við færustu ráðgjafa sem sinna mun þjónustu við aldræða.
- Skipuleggja með faglegum hætti og ná sátt um leikskólastarf í sveitarfélaginu og hraða undirbúningi byggingar nýs leikskóla í Þorlákshöfn.
- Leggja drög að áhugaverðum sumarstörfum fyrir ungt fólk á aldrinum 17-20 ára í sam-

starfi við fyrirtækin í sveitarfélaginu.

- Hefja undirbúningsvinnu að kynningarátaki í samstarfi við fyrirtækin í sveitarfélaginu með það að markmiði að styrkja þau fyrirtæki sem nú þegar eru í sveitarfélaginu og laða að ný fyrirtæki.
- Fara í viðræður við Gagnaveituna og Mílu um ljósleiðaratengingar á öll heimili í sveitarfélaginu sem ekki hafa kost á slíkri tengingu í dag.
- Koma á tengslateymi til að efla samvinnu, upplýsingaflæði og tengingu milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Þarna ætlum við ekki að láta staðar numið heldur ætlum við að vinna eftir málefnaþrá okkar á kjörtímabilinu ásamt því að hlusta á raddir samfélagsins. Við ætlum að vinna með ykkur íbúum að betri þjónustu við aldræða, blómlegra atvinnulífi, faglegri þjónandi stjórnsýslu, öflugri fræðslu- og velferðarmálum, betri skipulags-, umhverfis- og samgöngumálum og öflugri íþrótt-, æskulýðs og menningarmálum.

Við bjóðum fram krafta okkar til að vinna fyrir ykkur og óskum eftir stuðningi ykkar í sveitarstjórnskosningunum á laugardaginn. Setjum X við B og vinnum saman að bjartri framtíð Ölfuss.

- Hrönn Guðmundsdóttir;
 1. sæti á lista XB Framfarasinna
 Vilhjálmur B. Guðmundsson,
 2. sæti á lista XB Framfarasinna
 Gunnsteinn R. Ómarsson,
 3. sæti á lista XB Framfarasinna
 Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir,
 4. sæti á lista XB Framfarasinna

Stöndum vörð um mannréttindi fatlaðs fólks í Árborg

Sveitarfélagið Árborg er ört vaxandi sveitarfélag og hefur fjölgunin gert það að verkum að þjónustubörf hefur aukist til muna. Við búum í margbreytilegu samfélagi sem kallar á fjölbætta þjónustu við íbúana. Hjá Sveitarfélaginu Árborg starfar flott fólk sem er allt að vilja gert til að vinna fyrir notendur þjónustunnar eftir bestu getu. En þegar fjölgunin verður svona hröð eins og raun ber vitni þá gefur það auga leið að ekki er hægt að þjónusta alla eins og best verður á kosið. Eitthvað lætur undan og þá er ekki við starfsfólk sveitarfélagsins að sakast, heldur er ábyrgðin hjá bæjaryfirvöldum, þar sem ekki hefur verið hugsað fyrir því að setja fjármagn í þennan mikilvæga málaflokk.

Við í Vinstri grænum viljum leggja okkar að mörkum til að uppfylla lagalegar skyldur sveitarfélagsins þannig að allir íbúar geti búið við mannsæmamið skilyrði og fengið þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og þurfa á að halda og við teljum að þjónustan eigi að vera á þeirra forsendum. Í samfélagi margbreytileikans eru þarfir mismunandi og því þarf að bjóða upp á fjölbreytt úrræði í búsetu, þjónustu og atvinnuúrræði fyrir fatlað fólk. Einnig er mikilvægt að sveitarfélagið aðstoði fjölskyldur fatlaðra barna með stuðningsúrræðum sem nýtast hverri fjölskyldu sem best.

Biðlistar eftir félagslegu húsnæði og búsetuúrræðum í Árborg eru of langir. Það er ekki boðlegt að einstaklingur þurfi að bíða í mörg ár eftir viðunandi búsetuúrræði.

Í húsnæðisáætlun Árborgar 2020-2024 kemur fram að biðlisti eftir sértækum búsetuúrræðum hefur lengst. Þar kemur einnig fram að á þjónustuvæði málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi eru alls 11 manns á biðlista. Þar af eru nú 8 íbúar sveitarfélagsins Árborgar á biðlista eftir búsetu með sólarhringsþjónustu. Þá liggur fyrir að einhver fjöldi ungmenna muni innan fárra ára þurfa sérstök búsetuúrræði með sólar-

hringsaðstoð. Einnig kemur þar fram að á biðlista eftir félagslegu húsnæði eru 135 einstaklingar. Hluti umsækjenda eru öryrkjar sem kynnu að geta nýtt sér leiguíbúðir á vegum Brynju hússjóðs ef byggt væri.

Sveitarfélaginu tóku yfir málefni fatlaðra í janúar 2011. Bæjaryfirvöld í Árborg hafa því haft 11 ár til þess að byggja upp húsnæði og búsetuúrræði og koma þannig til móts við þarfir og lögbundin réttindi þessa hóps, því samkvæmt lögum um réttindi fatlaðs fólks: Lög nr. 38 9. maí 2018, 9. gr segir: „Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðla að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu“.

Það er því ljóst að bæði fyrrverandi og núverandi meirihluti hafa ekki sinnt skyldum sínum gagnvart þessum íbúahópi Árborgar. Sjálfstæðisflokkurinn var með hreinan meirihluta í tvö kjörtímabil, árin 2010-2018 og síðan núverandi meirihluti Framsóknarflokks, Samfylkingar, Miðflokks og Áfram Árborgar. Því miður hefur lítið sem ekkert gerst í þessum málum á meðan þessir flokkar hafa verið við stjórnvöllinn. Þessu þarf að breyta. Vinstri græn hafa ávallt lagt áherslu á félagslegt réttlæti og því munum við beita okkur fyrir því að fjölga búsetuúrræðum fyrir þennan hóp fólks.

Lausnir eins og skammtíamvistun fyrir börn og ungmenni þurfa einnig að vera fleiri og því þarf að fjölga plássum í slíku úrræði s.s. með því að byggja nýjan kjarna sem myndu létta á þeim biðlistum.

Persónuleg þjónusta við fatlað fólk þarf að vera á þeirra forsendum og fullnægja þörfum hvers og eins. Einstaklingar sem búa í sjálfstæðri búsetu hafa kost á aðstoð en með þeirri fjölgun sem orðið hefur þarf að bæta þar í þjónustuna. Mikilvægt er í þessu eins og öðru að notendur séu með í ráðum og hafi um það að segja hvernær og hvernig þjónustan er. Það eru mannréttindi að geta farið í það, skroppið

Sædis Ósk Harðardóttir

4. sæti Vinstri grænna Árborg



í göngutúr, farið í búðina eða í sund þegar manni langar, en ekki þurfa fara í það þegar það hentar sveitarfélaginu. Samkvæmt samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga, full og virk þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar og jöfn tækifæri. Það er því mikilvægt að þjónustunni sé þannig háttað að þessi sjálfstöðu mannréttindi séu virt.

Fatlaðir einstaklingar hafa margir hverjir hæfni, getu og vilja til að stunda atvinnu hvort sem er með stuðningi eða ekki. Samkvæmt lögum um réttindi fatlaðs fólks og samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra er kveðið á um rétt fatlaðra einstaklinga meðal annars til atvinnu á grundvelli viðeigandi aðlögunar, svo að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra. Því er mikilvægt að sveitarfélagið sé í fararbroddi við að skapa fótluðum einstaklingum atvinnu við hæfi og með stuðningi þegar það þarf. Hér eru mörg tækifæri til úrbóta og mikilvægt að framfylgja þessum lögum.

Vinstri græn leggja áherslu á jöfnuð og félagslegt réttlæti og teljum við að allir eigi að sitja við sama borð við að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu. Við eigum að marka okkur metnaðarfulla stefnu í þessum málaflokki og vera leiðandi er kemur að því að standa vörð um réttindi fatlaðra einstaklinga.

Kjósum félagslegt réttlæti, kjósum Vinstri græn í sveitarstjórnskosningunum 14. maí nk.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Ljósleiðarinn er á leið til þín

Ljósleiðarinn heldur áfram því metnaðarfulla verkefni sínu að koma sem flestum landsmönnum í samband og nú er komið að Suðurlandi. Í sumar ætla Ljósleiðarinn að leggja ljósleiðara til allra heimila og fyrirtækja á Stokkseyri og Eyrarbakka og þannig efla fjarskipti á svæðinu enn frekar. Stefnt er að því að búið verði að tengja á svæðinu fyrir árslok.

Þetta snýst allt um hraðann og þá þurfum við að vera vel tengd. Með þéttni neti ljósleiðaraþráða tryggir Ljósleiðarinn íbúum á Stokkseyri og Eyrarbakka hraðan, öruggan og hnökralausan aðgang að tækifærum framtíðarinnar.

Ísland er leiðandi í nýtingu ljósleiðara í Evrópu en yfir 100.000 íslensk heimili geta nú nýtt sér þjónustuna.

Af hverju Ljósleiðarinn?

Í lok árs þegar búið verður að tengja Stokkseyri og Eyrarbakka geta öll heimili og fyrirtæki á svæðinu aukið hraðann

hjá sér þegar efni er streymt með því að gera það með hinu öflugra þúsund þráða ljósleiðaraneti Ljósleiðarans. Þannig verður auðveldara að streyma hágæðafni í mikinn fjölda tækja á sama tíma. Við notum ljósleiðaratenginguna í svo marga hluti. Á heimilum okkar eru allskyns tæki sem tengjast á sama tíma.

Aukin gæði

Fyrir utan aukinn hraða á hinu hefðbundna netvafri þá eykur ljósleiðarinn gæði fjarfunda og myndsímtala umtalsvert. Hraði og snerpa í netleikjum verður enn betri en í fjölspilunarleikjum getur hraðinn oft og tíðum skipt sköpum.

Ljósleiðarinn telur mikilvægt að iðkendur rafíþróttar sitji við sama borð þegar kemur að hraða og hefur á undanförunum árum stutt dyggilega við rafíþróttahreyfinguna sem fer sífellt stækkandi.



Að horfa á sjónvarp sem tengt er við ljósleiðara eykur myndgæðin til muna og þá er möguleiki á að hafa fleiri en einn myndlykil á heimilinu. Ljósleiðarinn tengir jafnframt heimasímann og öryggiskerfi heimilisins.

Spennandi verkefni

„Eyrarbakki og Stokkseyri eru ótrúlega spennandi verkefni

og löngu kominn tími á að íbúar og fyrirtæki á svæðinu geti kynnst háhraða þegar kemur að

nettengingum,“ segir Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri Ljósleiðarans.

Hann hvetur fólk til þess að fylgja Ljósleiðaranum á samfélagsmiðlum þar sem hægt verður að fylgjast með lagningu Ljósleiðarans á þúsundþráða ljósleiðaranetinu á Stokkseyri og Eyrarbakka.

„Og svo er bara að setja sig í samband við okkur þegar verkinu er lokið og panta hágæðanettengingu.“

LJÓSLEIÐARINN

GERIR ALLT
MÖGULEGT
MÖGULEGT

LJÓSLEIÐARINN



Kjósum með Nýju Árborg - xM

M-listi Miðflokksins bauð fram í fyrsta sinni í Svf. Árborg fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar sem haldnar voru í maí 2018. Við buðum þá fram undir kjörorðinu „Nýtt upphaf í Árborg“, með því var tóninn sleginn fyrir kjörtímabilið sem nú er senn á enda. Nú bjóðum við fram undir kjörorðinu „Nýja Árborg“.

Verkin tala

Verkefnin sem biðu meirihluta bæjarstjórnar sem myndaður var í kjölfar kosninganna 2018 í Svf. Árborg, eftir átta ára valdatíð D-lista Sjálfstæðisflokksins, voru risavaxin. Fáir óska eftir því nú að slík staða banki aftur uppá í sveitarfélaginu, nema þá kannski helst fáir útvaldir.

Undanfarin fjögur ár hefur Svf. Árborg tekið algerum stakkaskiptum. Framtíðarsýnin sem sett var fram þá og áætlan-

irnar sem unnið var eftir hafa nú risið og raungerst hver af annarri. Í því sambandi má nefna byggingu Selfosshallarinnar, sex deilda leikskólans Goðheima og leik-, grunn-, og tónlistarskólans Stekkjaskóla ásamt nýja fjölskyldugarðinum við Gráhellu. Auk þessa var stjórn-sýslan færð til nútímans og er hún í dag ein sú fremsta á meðal sveitarfélaga landsins.

Um allt land er eftir því tekið hve vel hefur heppnast til. Umfram eftirspurn eftir húsnæði og hin fordæmalaus íbúafjölgun í sveitarfélaginu segir sína sögu um hve eftirsóknarvert það er orðið að búa í sveitarfélaginu. Leyfum Nýju Árborg áfram að vaxa og dafna á forsendum sveitarfélagsins með fulltingi íbúa, en ekki fjárfesta. Kjósum með Nýju Árborg og ritum x við M á kjördag.



Tómas Ellert Tómasson, byggingarverkfræðingur og formaður bæjarráðs. Skipar 1. sæti á framboðslista M-lista Miðflokksins og Sjálfstæðra í Árborg

Ari Már Ólafsson, húsnæðismálaráðgjafi og nefndarfulltrúi í skipulags- og byggingarnefnd. skipar 2. sæti á framboðslista M-lista Miðflokksins og Sjálfstæðra í Árborg



Eyrvægur 25 - Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is - prentmetoddi.is



Setjum X við B
og vinnum saman
fyrir betra ölfus



Betri stjórnsýsla - betra samfélag

Í upphafi skal endann skoða ísegir máltakið og er að mörgu að hyggja í þeim efnum ef ætlinin er að tryggja góða stjórnsýslu. Því segja má að líkt og Njáll á Bergþórshvoli mælti að með lögum skal land byggja þá byggja góðir stjórnsýsluhættir réttlátt samfélag. Svo að hægt sé að viðhalda góðum stjórnsýsluháttum í daglegum störfum sveitarfélags er mikilvægt að settar séu reglur um störf sveitarstjórnar auk siðareglna fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja gagnsæi, traust og rekjanleika ákvarðanatöku.

N-listinn vill tryggja íbúum betri stjórnsýslu

Sveitarstjórn Rangárbings eystra skal setja sér siðareglur sem hafa að geyma þau gildi sem öll starfsemi sveitarfélagsins byggir á. Allir starfsmenn og kjörnir fulltrúar, svo og aðrir þeir sem starfa í umboði hennar, skulu jafnan hafa að leiðarljósi ákvæði siðareglna og það gildismat sem í þeim birtist. Forsendur siðareglna skulu vera einkum jafnræðisregla, góð stjórnsýsla, mál-efnalegt gagnsæi og þjónustugæði. Siðareglur skulu minna kjörna fulltrúa og starfsmenn og aðra þá sem starfa í umboði hennar á þær viðtæku og ströngu siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og með því að fylgja þessum reglum efla það traust og þann trúverðugleika sem starfsemi sveitarfélagsins ber að hafa. Sveitarfélagið skal setja sér metnaðarfull markmið um góða stjórnsýslu, skilvirkni og málefnalegt gagnsæi allra verkefna og skal árlega yfirfara og uppfæra siðareglur eftir því sem við á. Verklagsreglur, siðareglur og samþykktar stefnur sveitarfélagsins skulu vera birtar, uppfærðar og aðgengilegar á vef-

Heiðbrá Ólafsdóttir

Lögfræðingur og kúabóndi, 4. sæti hjá Nýja óháða listanum í Rangárþingi eystra



siðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal endurskoða og uppfæra siðareglur árlega. Athygli skal vakin á því að núgildandi siðareglur sveitarfélagsins voru undirritaðar 2012, eða fyrir um 10 árum.

N-listinn vill tryggja upplýsingaflæði til íbúa

Mikilvægt er að tryggja gagnsæi og upplýsingaflæði til íbúa með útgáfu fréttabréfs þar sem teknar eru saman umfjallanir um allar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, mikilvæg málefni og viðburði liðandi stundar sem og aðrar gagnlegar upplýsingar sem eiga erindi við íbúa sveitarfélagsins. Fréttabréfið skal gefið út fyrir hvern ársfjórðung með rafrænum hætti en einnig í boði á prenti fyrir íbúa sem óska þess.

N-listinn vill tryggja gildi og árangur sveitastjórnar

Sveitarstjórn Rangárbings eystra skal fagraða sveitarstjóra sem hefur hæfni og burði til að gegna því mikilvæga starfi. Sveitarstjórn skal setja sér starfsáætlun til eins árs í senn og árlega meta árangur starfa sinna, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda. Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar og felur matið meðal annars í sér að sveitarstjórn leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim þáttum sem stjórnin telur að betur megi fara í störfum sínum. Mikilvægt er að sveitarstjórnin starfi í samræmi við verklags-

reglur og að mikilvæg sveitarstjórnarmálefni séu nægilega vel undirbúin og rædd. Sveitarstjórn skal bregðast við niðurstöðum matsins.

N-listinn vill réttlátt samfélag fyrir alla íbúa, nýbúa og framtíðaríbúa Rangárbings eystra

Á sama tíma og sveitarstjórn auglýsir eftir vönduðum einstaklingum til lóðakaupa í Rangárþingi eystra kallar N-listinn eftir vandaðri og bættri stjórnsýslu á jafnréttisgrundvelli.



Katrín Jakobsdóttir
kemur í heimsókn

Í Fagrabæ, 12. maí kl. 17

Heitur matur fyrir eldri borgara í Árborg



Nú er hægt að fá heitan mat í hádeginu
í þjónustumiðstöðinni Mörkinni.

Maturinn er í boði alla virka daga og kostar
1.100 kr. með niðurgreiðslu fyrir eldri borgara.
Maturinn er frá klukkan 11:30 til 12:30.

Skráning er í gegnum þjónustuver Árborgar í
síma 480 1900 eða í netfangið matur@arborg.is.

Skráning í mat þarf að berast í síðasta lagi fyrir
hádegis sólarhringi áður.

Hægt verður að afbóka mat fyrir
klukkan 10:00 samdægurs.



Auglýsing um talningu atkvæða vegna sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Árborg

Talning atkvæða vegna sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Árborg fer fram í íþróttahúsinu í Vallaskóla, Sólvollum 2 á Selfossi á kjördag þann 14. maí 2022 og hefst eftir lokun kjörstaða kl. 22:00, um leið og atkvæðakassar berast á talningarstað. Almennungi gefst kostur á að vera viðstaddur talningu atkvæða á meðan húsrúm leyfir. Áhorfendasvæði verður í stúku íþróttahússins, inngangur er frá Sólvollum um aðal-inngang. Áhorfendur skulu hafa algjöra þögn á talningarstað til þess að trufla ekki störf talningarfólks. Nánar um talningu atkvæða er fjallað í XV. kafla kosningalaga nr. 112/2021 og reglugerð nr. 431/2022 um talningu atkvæða.

Selfossi, 6. maí 2022

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar

Ingimundur Sigurmundsson
Steinunn Fjóra Sigurðardóttir
Steinunn Erla Kolbeinsdóttir



Góðgerðarbingó í minningu Óskars



Ágústa Sverrisdóttir og Óskar Ágústaf Ingjaldur Ólafsson byrjuðu að rugla saman reitum á vormánuðum árið 2013. Þrátt fyrir að hafa unnið næturvaktir sitthvora vikuna gekk dæmið upp og árið 2014 voru þau búin að kaupa sér stórt hús á Eyrarbakka með vonir um að raða í það börnum. Sá draumur byrjaði svo að verða að veruleika árið 2017 þegar sonur þeirra, Gísli Þór, kom í heiminn.

Það var svo fyrir tilviljun að Óskar fór í almenna lækni skoðun í byrjun desember árið 2020 þar sem kom í ljós að eitthvað var að. „Hann fór í blóðprufu og þar kom hann allt, allt of lágur út í blóði og járn og allskonar“ segir Ágústa, en í kjölfarið fór Óskar í ristilspeglun og þann 7. desember 2020 fengu þau að vita að hann hafði greinst með ristilkrabbamein sem hafði dreift sér í lifrinn.

Óskar byrjaði í geislameðferð strax í janúar og fór reglulega í lyfjagjafir. Í lok júní var svo stór partur af lifrinni skorinn í burtu. „Það var síðan í lok ágúst sem hann fékk blóðtappa í bæði lungun, ég kom bara að honum inni á baðherbergisgólfi þar sem hann var meðvitundarlaus, en það munaði mjög litlu á að hann færi þennan dag“. Hann þurfti í kjölfarið að fara í þræðingu þar sem þrætt var upp frá nárnum og blóðtapparnir sóttir handvirkir í lungun.

Nokkur góð ár

Um það bil mánuði seinna, í september, þegar Óskar átti að fara í aðra aðgerð þar sem átti að skera burt meinið úr ristlinum og setja upp stóma, að ný meinvörp fundust nálægt nýrunum. Eitt þeirra var svo nálægt slagæð að lækarnir treystu sér ekki til að skera, áhættan í þeirri aðgerð yrði töluvert meiri en ávinningurinn sem hún gæti haft, meinið væri nú þegar byrjað að dreyfa sér um allan líkamann. Svo það var á þessum tímupunkti sem þau fengu að vita að meinið væri ólæknandi, en að margir gætu lifað með svona mein í „nokkur góð ár.“ að sögn lækna.

Ágústa dásamar æðruleysi Óskars og segist ekki skilja hvernig hann hafi alltaf getað tekið öllum slæmu fréttunum með sínu einstaka viðhorfi. „Hann var bara alltaf svo raun-

sær, standandi frammi fyrir þessu. Ég get auðvitað ekki sett mig í þessi spor, en ég lærði helling af honum.“

Svo gerðist það stuttu eftir að Óskar, Ágústa og Gísli Þór komu heim eftir að hafa eytt jólinum á Suðureyri í faðmi fjölskyldu Óskars, að hann vaknaði að morgni 7. janúar 2022, alveg tilfinningalaus í fótunum. Þá kom í ljós að meinið væri að þrýsta á mænuna sem olli því að hann hafði engan mátt fyrir neðan mitti. Í kjölfarið fór Óskar í bráðaaðgerð til að létta þrýstingi af mænunni og virtist hún skila árangri fyrst um sinn.

Heimfaraldurinn gerði illt verra

Hann fór svo á Grensás í endurhæfingu og í lok janúar var hann farinn að fá þokkalega hreyfigetu í fæturna. Fljótlega var þó ákveðið að setja endurhæfinguna á bið vegna þess hve kvalinn Óskar var og flutti hann þaðan yfir á krabbameinsdeildina í Reykjavík þar sem hann gat fengið almennilega verkjastillingu. Það versta við það var þó að Ágústa og Gísli Þór máttu ekki heimsækja Óskar vegna heimfaraldursins sem var í hæstu hæðum á þessum tíma og það leið næstum heill mánuður þar sem þau fjölskyldan gátu ekki fengið að hittast, sem reyndi eins og gefur að skilja mjög mikið á þau öll.

Framfarirnar fóru svo skyndilega að ganga til baka og á fundi með krabbameinslækni Óskars þann 6. febrúar fái þau að heyra að hann eigi mjög stutt eftir, kannski nokkrar vikur. Meinið hafði dreift sér um allt, meðal annars í brjóstholið, höfuðkúpuna og víða um hrygginn, en stuttu áður höfðu þau hjónin verið að ræða undirbúning fyrir heimkomu Óskars af spítalanum með tilliti til hjólastólaaðgengis. „En þarna bara fékk ég að vita það að hann væri aldrei að fara að koma heim af sjúkrahúsinu.“

Starfsfólk lyflækningadeilda HSU á sérstakar þakkir skilið

Óskar var síðan fluttur á lyflækningadeild á Selfossi þann 8. febrúar og þá máttu mæðginin heimsækja hann strax. Síðustu vikum sínum eyddi Óskar í faðmi fjölskyldu og frábæra starfsfólksins á lyflækningadeild HSU sem gerði allt hvað það gat

til að gera líðan hans bærilega. Það var svo mánudaginn 28. febrúar 2022 að Óskar, ásamt stórum hluta sjúklunga á lyflækningadeildinni greindist með Covid-19 sem varð að lokum til þess að hann tapaði þessum ósanngjarna slag og lést þann 4. mars síðastliðinn.

Þann 11. maí nk. hefði Óskar orðið fertugur og ætlar Ágústa að standa fyrir góðgerðarbingói í Félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka í tilefni dagsins sem er öllum opið. „Ég var búin að kvíða svolítið fyrir þessum degi, mig langar að láta gott af mér leiða og ég varð fyrir innblæstri frá vinkonu minni sem býr á Skaganum og var að gera akkurat svona bingó til að styrkja krabbameinsfélagið þar og ég hugsaði með mér að ég þyrfti ekkert að finna upp hjólið. Ég fann bara að þetta væri það sem mig langaði til að gera á afmælisdeginum hans Óskars. Ég dembdi mér bara í þetta og fór á fullt að senda tölvupósta og hef fengið ótrúlega góð viðbrögð“

Mikilvægt að fólk viti af ómetanlegu starfi

Krabbameinsfélags Árnessýslu
Krabbameinsfélag Árnessýslu hefur reynst Ágústu ómetanlegt og kemur allur ágóði af bingóinu til með að renna óskiptur til þess. „Mér finnst svo mikilvægt að fólk á öllum aldri viti af þeim, viti að það sé hægt að koma þarna frá 11-15 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum í opið hús. Maður getur alltaf farið og spjallað, þetta er svolítið eins og að fara í heimsókn til vina, þarna er fólk bara að spjalla um allt milli himins og jarðar, tala um sína reynslu og allskonar, ekkert endilega krabbameins tengt. Þetta er svo gott félagslega fyrir fólk sem er kannski veikt eða aðstandendur þeirra. Þau hafa reynst mér rosalega vel, bæði eftir að Óskar var kominn hingað á Selfoss og svo eftir missinn.“

Krabbameinsfélag Árnessýslu var stofnað 29. maí 1971. Félagið heldur úti stuðningshópum fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Hópanir, Brosið og Smárarnir byggja á jafningjastuðningi þar sem öllum er tekið opnum örmum og þeim mætt þar sem þeir eru staddir.

Smárarnir er einkum ætlaður fyrir karla. Megin áhersla hópsins er jafningjastuðningur, fræðsla og afþreying fyrir karla sem greinst hafa með krabbamein, eru í krabbameinsferli eða hafa lokið ferlinu. Karlmennt sem eru aðstandendur eru einnig velkomnir í Smáranum.

Að lokum vill Ágústa koma á framfæri sérstökum þökkum til starfsfólks á lyflækningadeild HSU og vill hún þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem ætla að leggja góðgerðarbingóinu lið. HGL

Sviðin jörð fráfariandi meirihluta

Mikið uppbyggingarstarf framundan

Bæjarstjórnarkosningar fara fram í Árborg n.k. laugardag og mikilvægt er að mæta á kjörstað, nýta atkvæði sitt og kjósa betri stjórn yfir sveitarfélagið Árborg. Fráfariandi bæjarstjórn ásamt bæjarstjóra, skilur eftir sig „sviðna jörð“ ef svo má að orði komast þar sem aðeins lítill hluti þess málefna-samnings sem nýr meirihluti gerði með sér árið 2018 hefur verið efndur. Það er ekki það versta heldur sú alvarlega fjárhagsstaða bæjarsjóðs sem ný bæjarstjórn þarf að takast á við. Það verður ekki öfundsvert hlutverk. Árborg er með lélegust útkomu allra sveitarfélaga á Íslandi þegar ársreikningur 2021 er skoðaður og nokkrar kennitölur úr honum bornar saman. Tap á rekstri A hluta nam 2,1 milljarði á síðasta ári og er uppsafnað rekstrartap á þessu kjörtímabili komið í 3,3 milljarða króna. Þvílíkur árangur eða hitt þó heldur. Skuldastaða Árborgar er komin yfir 21 milljarð og er um 2 milljónir á hver íbúa.

Bæjarstjóður getur ekki lengur fjármagnað sig í gegnum Lánasjóð sveitarfélaga og þarf þess í stað að leita á markaðinn eftir fjármagni þar sem vextir og ávöxtunarkrafa fara ört hækkandi. Þetta er í raun „sviðin jörð“ eftir aðeins 4ja ára samstarf Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar, Miðflokksins og Áfram Árborg sem mynduðu meirihluta eftir síðustu bæjarstjórnarkosningar. Og hverju er um að kenna; fyrst og fremst kunnáttuleysi á sviði fjárhagsáætlana, fjármála-stjórnar sem og áætlanagerðar vegna framkvæmda. Ekki þýðir fyrir fráfariandi meirihluta og



bæjarstjóra að skýla sér á bak við Covid því tekjuaukning á tímabilinu nemur um 50% en útgjaldaugkning 70%. Og hverjir eru ábyrgir? Það eru þeir sem stjórna bæjarfélaginu, þ.m.t. bæjarstjóri, form. bæjarráðs og forseti bæjarstjórnar. Í venjulegu fyrirtæki væri löngu búið að segja þessu fólki upp störfum og ráða aðra og það er í raun það sem kjósendur þurfa að gera þann 14. maí n.k.

Með því að merkja X við D stuðlar þú ágæti kjósenda að því að tryggja meirihluta D-listans sem stjórnaði Árborg á árunum 2010-2018 þar sem aðald var í rekstri sem skilaði mjög viðunandi niðurstöðu bæjarstjóðs, einkum síðustu árin en á fyrri hluta kjörtímabilsins var verið að glíma við eftirhrunsárin með videigandi afleiðingum.

Nái D-listinn meirihluta verður gerð alsherjar úttekt á fjámálum sveitarfélagsins og ráðist í mjög mikla og nauðsynlega fjárhagslega endurskipulagningu og kostnaðaraðhald,

án þess að skerða lögbundna þjónustu. Sum verkefni fráfariandi meirihluta skilja eftir sig fjárfrekar framkvæmdir eins og viðgerð á míglekri íþróttahöll og lokafrágangi á Stekkjaskóla sem hefði átt að taka í notkun haustið 2021. Einnig eru veitumálin á miklum ólestri þar sem komið hefur fram hjá fagaðilum að heitavatnsskortur blasi við á næstu misserum verði ekkert að gert. Þar þarf t.d. að klára samninga um borun fyrir heitu vatni í nágrenni Selfoss og búið var að undirbúa í tíð fyrrverandi meirihluta D-listans en síðan hefur ekkert verið gert meira í því máli. Einnig þarf að setja „ventla“ á þann gengdarlausu útgjaldaleka sem átt hefur sér stað og koma í veg fyrir spillingu á borð við slétt skipti á landareignum eins og gerðist s.l. haust þegar skiptin á Dísarstaðalandi og Hesthúsalandi fóru fram þó svo að munur á matsvirði landareignanna væri 130 milljónir. Þetta eru aðeins örfá dæmi um fyrstu verk nýs bæjarstjóra ef D-listinn nær meirihluta eftir kosningar. Einnig skal því beint til yngri og efnaminni kjósenda að fasteignagjöld, sem hækkað hafa um 50% á núverandi kjörtímabili og eru þau hæstu á landinu, mun EKKI lækka ef núverandi meirihluti verður áfram við stjórnvölinn. Réttum fjárhag bæjarsjóðs við og tryggjum það með því að mæta á kjörstað á laugardag og kjósa D-listann og leggjum þannig grunninn að Árborg okkar allra þar sem þú skiptir máli.

Sigurður K. Kolbeinsson,
viðskiptafræðingur og
íbúi á Selfossi

Líf og fjör í Hveragerði

Starfrækt er öflugt og skemmtilegt kvennastarfið á vegum kvennanefndar GHG í Hveragerði.

Fjölmennt konukvöld var haldið föstudaginn 6. maí sl. þar sem yfir 50 konur komu saman. Fjölbreytt starf sumarsins var kynnt og nýjar konur hvattar til að ganga í klúbbinn.

Mikið fjör var á konukvöldinu, Sigga Kling stjórnaði party bingó þar sem glæsilegir vinningar frá fyrirtækjum í Hveragerði og nágrenni voru dregnir út. Vill nefndin koma sérstöku þakklaeti til allra fyrirtækjanna. Frábærar veitingar frá Veisluþjónustu Suðurlands voru í boði.

Kvennanefndin stendur fyrir skipulögðu golfi flesta mánudaga í sumar kl. 18.00 þar sem ýmis leikform og uppákomur verða á dagskrá. Starfið hefst á því að boðið verður upp á golfkennslu til



að undirbúa sig fyrir sumarið. Skemmtilegt samstarf er við konur í Golfklúbbi Selfoss, skipst verður á heimsóknum þar sem spilað verður golf og tengslin elfd. Skipulagt starf sumarsins endar með golfferð á Hellishóla, þar verður gíst og spilað golf í tvo daga.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Vertu hjartanlega velkomin



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límimiðar



Stimplar

📍 Eyravegi 25, 800 Selfoss

📞 482 1944

📧 selfoss@prentmetoddi.is



Þ fyrir Bláskógabyggð

Þann 9. júní árið 2002 sam-
einuðust hrepparnir Bisk-
upstungur, Laugardalur og
Þingvallasveit, í sveitarfélagið
Bláskógabyggð. Fyrstu árin
var Þ-listinn í meirihluta eða
allt til ársins 2010. Síðan þá
hefur T-listinn haldið um
stjórnartaumana. Þ-listinn
hefur borið skarðan hlut frá
borði en sækir nú fram enn á
ný, með lista er endurspeglar
fjölbreytileika samfélagsins.

Kjörorð Þ-listans eru
komin frá Bjarna Þorkelssyni,
fyrrum kennara á Laugarvatni
og eru eftirfarandi, Þor - Þekking -
Þjónusta. Við viljum
skrifa hér stuttlega út frá þeim
kjörorðum.

En ítarlega stefnuskrá list-
ans er að finna á heimasíðunni
þlistinn.is

Þor

Að vera óhrædd og ófeimin
við að gera alla stjórnsýslu
sýnilegri, hafa aðgengilegar
upptökur af sveitarstjórnar-
fundum, ásamt birtingu
fundargagna. Að sveitarstjórn
haldi minnst einn opin fund
á ári. Að þora að leggja fram
sveitarstjóraefni og leggja
niður starf oddvita.

Þekking

Við eigum að vera óhrædd við
að hleypa nýju fólki að í stjórn
og nefndir sveitarfélagsins og
virkja þannig sem best mann-
auðinn okkar til góðra verka.
Við getum stjórnað okkur
sjálf, höfum þekkinguna og
reynsluna. Setjum stefnu-
mörkun á dagskrá með að-
komu sem flestra.



Þjónusta

Öll samskipti og ábendingar
verði auðveldari með nýjum
þjónustuvef. Einnig verði
lögð reglulega fyrir þjónustu-
könnun líkt og tíðkast í stærri
sveitarfélögum og unnið ítar-
lega úr þeirri könnun. Tökum
vel á móti nýjum íbúum
sveitarfélagsins með stofnun
móttökuráðs er hefur m.a.
það hlutverk að útbúa ítar-
lega handbók á helstu tungu-
málum. Þ-listinn stendur fyrir
aukinni þjónustu við barna-
fjölskyldur meðal annars með
því að bjóða upp á samgöngur
í tengslum við félagsmið-
stöðvarstarf unglunga.

Hvers vegna skiptir þor,
þekking og þjónusta máli.
Vegna þess að Bláskógabyggð
er sveitarfélag sem hefur sál,
sögu og samfélag, sem ber
að rækta af alúð og einlægum
metnaði. Við bjóðum fram
krafta okkar til þjónandi for-
ystu í okkar góðu Bláskóga-
byggð.

Anna Greta Ólafsdóttir og
Jón Forni Snæbjörnsson
1. og 2. sæti Þ-listans
í Bláskógabyggð

Fyrir þau sem minna mega sín

Stjórnmál snúast um fólki.
Sveitarstjórnarmálin um
nærþjónustuna sem skiptir
okkur flest miklu máli, Sér-
staklega þau sem minna mega
sín og þurfa til lengri eða
skemmri tíma að reida sig á
öryggisnetið í samfélaginu.

Tilgangur og erindi Sam-
fylkingarinnar í stjórnmálum
er að tryggja almannahags-
muni og jöfnuð. Jafnræði og
sanngjirni við úthlutun tak-
markaðra gæða og byrða í stað
sérhagsmuna og bankasölu á
undirverði.

Í hnotskurn þá snýst erindi
okkar sem berjumst fyrir fé-
lagslegum jöfnuði um að
 tryggja öllum öruggt skjól og
hlutverk í samfélaginu.

Fátækragildran sem margir
öryrkjar eru hnepttir í er
smánarblettur á samfélaginu.
Skammarlegt fyrirkomulag
refsar þeim sem geta unnið og
heldur þeim föstum í viðjum
fátæktar. Svípta marga mögu-
leikum á að eignast eigið hús-
næði og fjölskyldu.



Björgvin G.
Sigurðsson

3. sæti á S-lista
Samfylkingarinnar
í Árborg.

Líkt er á komið með til-
teknum hópi eftirlaunafólks.
Flestir hafa þokkalega eða
ágæta framfærslu en nokkur
hluti eldri borgara er fastur í
kröppum kjörum og barningi
á efri árunum sem allir vilja
njóta við áhyggjuleysi út af
framfærslu eftir langa ævi á
vinnumarkaði.

Það er hlutverk og skylda
okkar að rétta hlut þeirra sem
minna mega sín. Verða fyrir
áföllum, heilsubresti og öðru
því sem truflar og raskar tekju-
öflum okkar á vegefærðinni í
gegnum lífið.

Það er vitlaust gefið og við
ætluðum að jafna leikinn.

Hvert viljum við stefna?

- Veljum aukin lífsgæði fyrir
aldræða
- Veljum bætt kjör fyrir fjöl-
skyldur
- Veljum fjölbreytt atvinnulíf
sem byggist upp í sátt við
íbúa og umhverfi
- Veljum stjórnsýslu sem ein-
kennist af gagnsæi, íbúalýð-
ræði og samvinnu

Laugardaginn 14. maí getur þú ráðið hvert við stefnum

Það gengur vel í Sveitarfélaginu
Ölfusi. Hjá okkur er kraftmikil
uppbygging, öflugt íþróttastarf
og skemmtileg menning. Fyrir
því eru margar ástæður: fram-
sækið markaðsáttak 2016 með
yfirskriftinni Hamingjan er hér,
uppbygging hafnarinnar, vel-
gengni körfuboltans og annarra
íþróttafélaga í Ölfusi og tvö
vel heppnuð unglingslandsmót
UMFÍ sem vöktu mikla athygli.
Einstakt tónlistarstarf Tóna og
trix, tónlistarhóps eldri borgara
sem gáfu m.a. út plötu í samstarfi
við fjölmargt landsþekkt tón-
listarfolk, hefur einnig vakið at-
hygli sem og reglulegir og metn-
aðarfullir tónleikar Lúðrasveitar
Þorlákshafnar. Listinn er lengri:
Jónas Sig og tryggð hans við sína
gömlu heimabyggð sem fram
hefur komið í fjölmörgum við-
tölum og var yrkisefni á plötunni
Þar sem himin ber við haf og hið
margrömaða kaffihús Hendur í
höfn hafa vakið athygli. Sund-
laugin í Þorlákshöfn og skamm-
degishátíðin Þollóween, sem er
einstaklingsframtak nokkurra
kvenna, hafa einnig vakið athygli
að ógleymdum golfvælinum sem
er meðal þeirra bestu á landinu,
ströndin, mótorcrossbrautin,
metnaðarfull ferðaþjónustufyrir-
tæki og svo mætti lengi telja. Vel-
gengni Sveitarfélagsins Ölfuss
er ekki að þakka einum manni
heldur samtakamætti fólksins
sem hér býr og starfar.

Bætum kjör fjölskyldna

Við frambjóðendur á Íbúalist-

anum eigum ýmislegt sameigin-
legt þótt ólík séum. Við trúum
því að allir eigi að búa
við öryggi og hafa jöfn
tækifæri til að rækta
sig og sína styrkleika.
Við vitum hversu miklu
máli það skiptir fyrir fjöl-
skyldur að koma börnum
sínunum að á leikskóla þegar
fæðingarorlofi lýkur og ætlum
þess vegna að eyrnamerkja eina
deild á nýjum leikskóla ungum
börnum, frá 12 mánaða aldri.
Við ætlum, í samvinnu við
önnur sveitarfélög, að þrýsta á
að ríkið geri fyrsta skólastigið
gjaldfrjálst, við teljum að það sé
réttlætismál. Íbúalistinn ætlar að
bæta kjör fjölskyldna.

Kjarkur, metnaður og sjálfsvirðing

Við erum meðvituð um þá ógn
sem stendur af loftslagsbreyt-
ingum og vitum líka að ekkert
sveitarfélag getur staðið aðgerð-
arlaust hjá og erum þess vegna
með metnaðarfull markmið á
sviði umhverfismála. Við erum
sannfærð um að Sveitarfélagið
Ölfus geti haft kjark, metnað og
sjálfsvirðingu til þess að velja
þau fyrirtæki sem hingað vilja
koma með tilliti til lífsgæða íbúa,
umhverfis og samfélagslegrar
ábyrgðar fyrirtækjanna og ætlum
þannig að leggja grunn að fjöl-
breyttu atvinnulífi.

Aukum lífsgæði aldræða

Það verður forgangsmál hjá
okkur, ef við fáum brautargengi
í kosningunum, að auka lífsgæði
aldræða og það ætlum við m.a.
að gera með því að setja á sólar-
hringsvakt á fyrir íbúa á Niunni
sem getur einnig nýst fólki í
heimahúsum, við ætlum að ráða
vel menntaða og reynslumikla
forstöðumanneskju á Niuna,
auka aðkomu sveitarfélagsins að
félagsstarfi og stórefla heima-
þjónustu og heimahjúkrun í sam-
starfi við rétta aðila. Það er mikið
hagsmunamál fyrir aldræða og

aðstandendur þeirra að fá hjúkr-
unarrými í Þorlákshöfn. Við
viljum ekki biðja eftir því
að sameiginlegur draum-
ur Þorlákshafnarbúa um
hjúkrunarheimili rætist
heldur leita leiða til að
útfæra við allra fyrsta
tækifæri 4 hjúkrunarrými
á Niunni í samstarfi við rétta
aðila. Þetta mál þolir ekki bið og
þarf að leysa strax. Við treystum
okkur til þess að gera það.

Vinum saman

Síðast en ekki síst erum við
frambjóðendur á Íbúalistanum
sammála um að stjórnsýsluna í
Sveitarfélaginu Ölfusi þurfi að
bæta. Við viljum ráða mannauðs-
stjóra til að styðja við og rækta
mannauð sveitarfélagsins sem er
mikilvægasta auðlindin sem við
eigum. Við viljum auglýsa eftir
bæjarstjóra og standa faglega að
því ráðningarfæri. Bæjarstjórn
þarf að vinna saman að mál-
efnum sveitarfélagsins og bæði
minnihluti og meirihluti þarf að
fá tækifæri til að fara vel ofan í
málin, ólíkt því sem hefur verið
uppi á teningnum síðustu fjögur
árin. Við viljum styrkja samstarf
við nágrannasveitarfélög og lýð-
ræðisvæða Sveitarfélagið Ölfus
með auknu samtali við íbúa eftir
ólikum leiðum. Gagnsæi í stjórn-
sýslu er eðlileg og sjálfsögð
krafta og þar þarf að gera betur.
Íbúalistinn ætlar að gera betur.

Íbúalistinn ætlar að auka lífsgæði aldræða, bæta kjör fjölskyldna og leggja grunn að fjölbreyttu atvinnulífi

Við erum hér, í þjónustuhlutverki
fyrir þig og alla íbúa í Sveitar-
félaginu Ölfusi.

Finnir þú samleið með okkar
gildum þá biðjum við um þinn
stuðning. Merktu X við H.

Nánari upplýsingar um fram-
bjóðendur og fleira eru inn á
ibualistinn.is

Ása Berglind Hjálmarsdóttir
Oddvit Íbúalistans í Ölfusi

Velkomin í Árborg

Þrátt fyrir mikla fólksfjölgun
og hraða uppbyggingu íbúð-
arhúsnæðis í Árborg undanfarin
ár eru litlar vísbendingar um að
eftirspurnin sé að minnka nema
síður sé.

Þessi mikla fjölgun hefur
reynt mjög á alla innviði sveitar-
félagsins en unnið hefur verið
markvisst að því að styrkja og
efla alla uppbyggingu sem nauð-
synleg er til þess að taka á móti
öllum þeim sem vilja flytja í Ár-
borg.

Vissulega hafa ófyrirsjáan-
legir hlutir eins og heimsfaraldur,
með tilheyrandi fjarveru starfs-
fólks og röskunar á afhendingu
vöru og þjónustu, sett strik í
reikninginn en með þrautseigju
og dugnaði hefur tekist að klára
þau verkefni sem legið hafa fyrir.
Sama má segja um fyrirsjáanlega
erfiðleika, í stað þess að láta hug-
fallast, þá er lítið á þá sem verk-

efni sem þarf að leysa.

Verkefnin eru til þess að leysa þau

Þrátt fyrir að margvís-
legir vaxtaverkir fylgi
jafn fordæmalausri
uppbyggingu og við
höfum orðið vitni að er
hún jafnframt gleðileg. Hún
er gleðileg að því leyti að allir
þeir fjölmörgu íbúar sem starfa
við byggingaiðnað hafa nóg að
gera, fyrirtæki í byggingaiðnað-
i eða fyrirtæki sem þjónusta
hann blómstra, samfélagið fær
meiri mannauð, íþróttafélögin
verða öflugri, atvinnulífið verður
fjölbreyttara, menntastofnanir
styrkjast ásamt lista- og menn-
ingarlífi svo einhver dæmi séu
tekin.

Samfylkingin hefur skýra
framtiðarsýn og reynslumikið
fólk til að leiða áframhaldandi

vöxt Árborgar. Við höfum sýnt
það í okkar störfum undan-
farið kjörtímabil að við
erum lausnamiðuð og
höfum leitað við að
byggja upp til fram-
tíðar svo styrkja megi
innviði sveitarfélagsins
varanlega. Við höfum
ávallt haft að leiðarljósi hags-
muni almennings í sveitarfélag-
inu umfram sérhagsmuni fátta.
Það mun ekki breytast. Öflugt
mannlíf, fjölbreyttur mannauður
og sterkt atvinnulíf er styrkur
hvers samfélags og þess vegna
segjum við í Samfylkingunni,
velkomin í Árborg, verkefnin eru
til þess að leysa þau.

Setjum X við S þann 14. maí
nk.

Sigurjón Víðalín Guðmundsson
2. sæti á S-lista
Samfylkingarinnar í Árborg.

Sveitarstjóri ráðinn á faglegum forsendum

Christiane L. Bahner

2. sæti á Nýja óháða listanum í Rangárþingi eystra



Rétt fyrir kosningar er pólitískra umræðan alltaf mest, og er það afar skemmtilegur tími. Það vekur athygli að Nýi óháði listinn er eina frambóðið í Rangárþingi eystra sem vill fagræða sveitarstjóra!

Á vef Sjálfstæðismanna í Rangárþingi eystra var nýlega birt grein þar sem fjallað var um þeirra sýn á það að málum væri best fyrir komið með Sjálfstæðismann sem sveitarstjóra.

Í greininni er fjallað um sveitarstjóraefnið D-listans Anton Kára og bent á að íbúar geti nú kosið sér sveitarstjóra. Rétt er að leiðrétta þann miskilning. Skv. sveitarstjórnarlögum er það ávallt sveitarstjórnin sem ræður sveitarstjóra, hann er bara alls ekki kosinn og heldur ekki af íbúum sveitarfélagsins beint.

Það er líka rétt að upplýsa að frambjóðendur Nýja óháða listans hafa ekkert á móti Antoni Kára fyrrverandi sveitarstjóra og Lilju núverandi sveitarstjóra, þau eru bæði vænsta fólk og vilja vel.

Það að þau séu frambjóðendur Sjálfstæðisflokks annars vegar og Framsóknarflokks hins vegar segir hins vegar ekkert til um það hve hæf eða vænir kostir þau eru til að gegna stöðu sveitarstjóra; en sveitarstjórnin er framkvæmdastjóri hjá stærsta vinnuveitandanum í nærsamfélaginu, sveitarfélaginu sjálfu. Við teljum að slíkt eigi að byggja á viðeigandi menntun, reynslu, þekkingu og metnaði.

Hafið yfir allan vafa

Önnur rök fyrir að að vilja fagræða sveitarstjóra eru að það getur verið afar heppilegt að

koma valdinu aðeins fjær okkur (einnig kallað armslengd). Það getur verið mjög óþægilegt og jafnvel erfitt, bæði fyrir íbúa og þá sem stjórna, að þekkja alla, að tengjast fólki vina- og fjölskylduböndum, að standa of nærri fólki sem verður fyrir áhrifum af ákvörðunum sem taka skal. Allir sem líta um öxl muna eftir þannig upplifun í gegnum tíðina, að ákvarðanir um aðgerðir, aðgerðarleysi, ráðningu, skipulag, getuleysi, úthlutun verkefna o.s.frv. sé lituð af tengslum við þá sem stjórna. Það er líka ósanngjarnt að sitja undir slíkum grunsemdum eða umtali þegar veruleikinn er sá að sá sem tengdur er stjórnandanum er t.d. raunverulega sá besti sem völ er á. Stundum er fjarlægðin styrkur fyrir alla og til þess fallið að auka trúverðugleika og traust.

Lýðræðið

Eins og hefur komið fram áður, þá er það sveitarstjórnin sem ræður sveitarstjóra. Sveitarstjóri er aldrei kosinn í sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjóri á að koma því í framkvæmd sem sveitarstjórn ákveður, það er hans starf og hlutverk. Kjörnir fulltrúar setja stefnuna, þaðan kemur pólitíkin, áherslur, málín. Sveitarstjórnin þarf ekki að hafa ákveðna pólitíska hagsun eða skoðun til að teljast hæfur til að gegna starfinu. Hann þarf að búa yfir stjórnunarhæfileikum, viðeigandi menntun, reynslu, jafnvel reynslu frá öðrum sveitarfélögum! Hvað er að óttast við að auglýsa eftir hæfasta einstaklingum í þetta mikilvæga stjórnunarstarf?

Það er líka styrkur fyrir minnihluta að geta sótt upplýsingar til stjórnanda sveitarfélags sem er ekki einn kjörinna fulltrúa meirihlutans. Þannig verður meira jafnræði milli sveitarstjórnarmanna, og hvert atkvæði kjósenda fær sama vægi, sama hvort viðkomandi listi verði síðan í meiri- eða

minnihluta á kjörtímabilinu. Í besta falli gefur sveitarstjórnin öllum kosnum fulltrúum sömu upplýsingar, sem styrkir minnihlutann í mikilvægu aðhaldshlutverki sínu.

Það er eðlilegt að sveitarstjórn og oddviti hennar veita sveitarfélagi pólitíska forystu ekki framkvæmdastjórnin sem ávallt er ráðinn af sveitarstjórn.

Að hafa atvinnu af pólitík

Eftir síðustu kosningar hófu B- og D-lista samstarf og mynduðu saman meirihluta. En þrátt fyrir að þessir tveir listar höfðu barist á móti hvorum öðrum alla tíð, þá var greinilega engin þörf á því að semja um mál efni. Það eina sem samið var um milli þeirra var að D-listinn fengi sveitarstjórnastólinn hálf kjörtímabil og B-listinn hinn helminginn. Það er vart hægt að trúa því að þau hafa ekki áttað sig á því strax í upphafi að það samkomulag er vægast sagt óheppilegt, og má því varpa fram þeirri spurningu af hverju pólitísku málefnið hafi ekki fengið meira vægi þegar samkomulag var gert. Er það virkilega aðalatriði hver fái stólinn? Hver hefur mesta hagsmuni á því? Er það sveitarfélagið og íbúar þess, er það viðkomandi aðili eða eru það jafnvel stjórn-málaflokkarnir sem starfa á landsvísi?

Margt gott hefur verið unnið á kjörtímabilinu í Rangárþingi eystra en eins og um land allt hefur kjörtímabilið einkennst af rósemi. Sumir kalla það jafnvel stöðnun, að það sé fátt nýtt að fréttu og ekkert að gerast. Skút-an vaggar bara rólega áfram í staðinn fyrir að hifa upp seglin til að ná einhverri ferð. Nýi óháði listinn fagnar umræðunni um ópólitískan sveitarstjóra, en eru málefnið ekki örugglega áhugaverðara fyrir kjósendur í þetta sinn?

Kjósum nýtt fólk til áhrifa – setjum X við N á kjördag.



Auglýsing vegna utankjörfundar- atkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022.

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns og hjá sérstökum kjörstjórum

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá sérstökum kjörstjórum á áður auglýstum opnunartíma.

Síðustu viku fyrir kosningar verður **opnunartími lengdur** á skrifstofum embættisins sem hér segir:

Selfoss, Hörðuvellir 1:

- 9. – 11. maí kl. 09:00 - 16:00.
- 12. – 13. maí 09:00 – 18:00.
- Kjördagur, 14. maí opið kl. 10:00 – 12:00. Vaktími 458 2840 opinn 12:00 – 17:00.

Hvolsvöllur, Austurvegur 6:

- 9. – 11. maí kl. 09:00 - 16:00.
- 12. -13. maí kl. 09:00 - 18:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí, vaktími 458 2820 opinn milli kl. 10:00 – 17:00.

Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1:

- 9. – 13. maí kl. 09:00 - 16:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí, vaktími 458 2850 opinn milli kl. 10:00 - 17:00.

Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36

- 9. – 13. maí kl. 09:00 - 16:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí, vaktími 862 7095, opinn milli kl. 10:00 – 17:00.

Kjósendur hafi meðferðis persónuskilríki.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Peir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, **fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 12. maí n.k.** Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is og skal sent á netfangið sudurland@syslumenn.is eða afhent á skrifstofum embættisins.

Bent er á vefsíðurnar www.syslumenn.is og www.kosning.is, þar sem nálgast má eyðublað og allar nauðsynlegar upplýsingar vegna komandi kosninga.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Rekstur mótuneytis/vinnubúða



PG verktakar óska eftir aðila til að reka vinnubúðir við Núpsvötn á suðurlandi frá maí/júní og til áramóta.

Í verkefninu felst:

Rekstur á mótuneyti fyrir allt að 25 manns þar sem eldaðar eru tvær

máltíðir 7 daga vikunnar auk framreiðslu á morgunmat og kaffi

Að sjá um alla matreiðslu og innkaup vegna mótuneytis

Prif og umsjón með umgengni í vinnubúðum

Umsóknar/tilboðsfrestur er til 15. maí n.k.

Nánari upplýsingar veitir Örn Tryggvi Johnsen í síma 8248425 eða á netfanginu

„Klárið verkið drengir“

Oddný G. Harðardóttir
Pingmaður Samfylkingarinnar



Almenn óánægja er með sölum á Íslandsbanka í höndum fjármálaráðherrans og traust til ráðherrans og ríkisstjórnarinnar hefur beðið hnekki. Ásak-anir um spillingu og vanrækslu eru háværar og um að lögin um söluna hafi verið brotin.

Aðferðin sem fjármálaráðherra samþykkti að nota var lokað útboð ætlað hæfum fjárfestum. Við bankasöluna sem átti að vera opin og gagnsæ samkvæmt lögum, hringdu valdir miðlarar í fjárfesta sem þeir þekktu og buðu þeim að taka þátt í útboðinu og þeir fengu góðan afslátt frá markaðsverði.

Þeir sem keyptu

Fólki brá þegar listinn yfir þá sem keyptu var birtur. Nöfn sem þjóðin þekkir af biturri reynslu í aðdraganda bankahruns, faðir fjármálaráðherrans og frændur voru þarna, nokkrir af þeim sem sáu um söluna meira að segja og erlendu fjárfestingasjóður sem keypti og seldi strax með góðum hagnaði í fyrri útboði fékk tækifæri til að leika sama leikinn.

Formaður fjárlaganefndar sagði í ræðu á Alþingi að hún hefði staðið í þeirri trú að um langtímafjárfesta væri að ræða og því hafi niðurstaðan komið á óvart. Formaðurinn hefði átt að vita að Sjálfstæðismönnum er

ekki treystandi til að fara með eignir og fjármál almennings.

Fjármálaráðherrann segist ekki hafa vitað hver keypti en Bankasýslan segir að hvert skref í söluférlinu hafi verið tekið í nánú samstarfi við stjórnvöld. Enda gera lögin um söluna ráð fyrir því.

Lög skulu standa

Mér virðist augljóst að við bankasöluna hafi lög verið brotin. Um sölumeðferðina er fjallað í fjórðu grein laganna um söluna. Þar er farið yfir hvað Bankasýslunni er ætlað að gera og svo segir: „Þegar tilboð í eignarhluti liggja fyrir skal Bankasýsla ríkisins skila ráðherra rökstuddu mati á þeim. Ráðherra tekur ákvörðun um hvort tilboð skuli samþykkt eða þeim hafnað og undirritar samninga fyrir hönd ríkisins um sölu eignarhlutans.“ Hér er alveg skýrt að það er ráðherra sem tekur ákvörðun um tilboðin, samþykkir þau eða hafnar. Ráðherrann getur ekki falið sig á bak við Bankasýsluna eða miðlara úti í bæ. Ráðherra ber alla ábyrgð.

Samkvæmt viðtölum við fjármálaráðherrann um málið er engu líkara en að hann hafi sagt við Bankasýsluna: „Klárið verkið drengir, ég vil ekkert vita.“

Ráðamenn hafa sagt að umgjörðin um bankasöluna hafi ekki haldið og því þurfi að breyta henni og byrja á að leggja niður Bankasýsluna.

Mér finnst augljóst að fjármálaráðherra hafi ekki haldið sér innan umgjörðarinnar sem lögbundin er og að á því þurfi hann að axla ábyrgð.

Ferðapjónusta í Bláskógabyggð

Hvert stefnum við?

Okkar fallega sveitarfélag er það sem fær hvað flesta gesti á ári. En er verið að halda nógu vel utan um svæðið? Væri ekki hægt að gera töluvert betur hér?

Nú erum við ekki að þykjast vera með töfralausnir eða að gagnrýna einn eða neinn heldur veltum við þessu fyrir okkur, því meira sem við hugsum það, þá finnst okkur mikið tækifæri til þess að halda miklu betur utan um ferðapjónustu í Bláskógabyggð.

Hér býr öflugt fólk sem hefur frábært hugmyndaflug og lætur hlutina gerast, sama hvort það er að búa til veitingastað inn í gróðurhúsi, veitingastað í fjósi, gera upp hús í helli til að sýna ferðamönnum hvernig fólk bjó eða gera upp hlöður og nýta sem veislusali.

Það er hreint ótrúlegt hvað það er margt í boði hér á svæðinu, en við veltum fyrir okkur hvort við getum ekki tengt svæðið betur saman og búið til enn sterkari mynd.

Hugmyndir að hvernig við getum gert það eru eftirfarandi

Að Sveitarfélagið taki virkan þátt í samtali við fyrirtækin á

Andri Snær Agústsson
3. sæti D-listans í Bláskógabyggð



Stephanie Langridge
4. sæti D-listans í Bláskógabyggð



svæðinu um að mynda skýra stefnu saman og aðstoða þau eins og unnt er.

Stofnun félags sem ætlað er að styðja við og styrkja frumkvöðlastarf í ferðapjónustu á svæðinu.

Hvetja til sterkar umhverfisstefnu og leiða samtalið þar.

Að vinna náið með öllum þeim íbúum sem ætla sér að byggja upp einhverskonar ferðapjónustu.

Einnig veltum við fyrir okkur hvers vegna þjóðgarðsverðir á Þingvöllum ættu ekki að vera með höfuðstöðvar á svæðinu líkt og kollegar þeirra í Vatnajökulsþjóðgarði hafa fært sig á Hornafjörð.

Saman eru okkur allir vegir færir

D-listi sjálfstæðismanna og annarra lýðræðissinna býður fram í Rangárþingi eystra í komandi sveitarstjórnarkosningum. Listinn er skipaður breiðum, öflugum hópi fólks, með fjölbreyttan bakgrunn sem er tilbúið að leggja mikið á sig á komandi kjörtímabili samfélaginu okkar til heilla.

Þetta snýst nefnilega allt um samvinnu. Hún er það allra mikilvægasta. Það er enginn einn mikilvægari en folkið sem stendur á bakvið hann. Að finna kraftinn, hugmyndaflug og umfram allt brennandi áhuga á því að byggja upp öflugt samfélag fyrir alla, er mjög hvetjandi. Með samvinnu náum við fram því besta sem völ er á fyrir okkar samfélag.

Á undanfögnu kjörtímabili hefur D-listinn verið í meirhluta sveitarstjórnar í Rangárþingi eystra. Ýmislegt hefur áunnist og í flestum málum hefur öll sveitarstjórnin staðið á bakvið þær ákvarðanir sem hafa verið teknar. Flest þau mál

Anton Kári Halldórsson
Oddviti D-lista sjálfstæðismanna og annarra lýðræðissinna.



sem listinn setti á oddinn fyrir síðasta kjörtímabili hafa fengið framgöngu, er lokið eða eru í vinnslu.

Betur má ef duga skal. Það er mikilvægt að horfa fram á veginn og festast ekki í fortíðinni. En við verðum að þora að stíga skrefið, við verðum að velta við steinum, við verðum að vera gagnrýnin og taka fagnandi á móti öllum hugmyndum. Hættan er sú að þegar hlutirnir ganga bærilega þá verði stöðnun og við sjáum ekki tilgang með breytingum. Þó að hlutirnir hafi alltaf verið svona, þá verðum við að þora að gera breytingar og tilraunir. Sumar þeirra munu án efa mistakast, en aðrar gætu heppnast vel og opnað augu okkar fyrir

ónýttum tækifærum. Því að tækifærin okkar hér í Rangárþingi eystra til þess að byggja upp og þróast eru óþrjótandi, hvort sem við lítum til uppbyggingar í ferðapjónustu, landbúnaði, nýsköpunar og samfélagsins í heild. Það er okkar í sameiningu að koma auga á möguleikana og hrinda þeim í framkvæmd.

Á D-lista sjálfstæðismanna og annarra lýðræðissinna er fólk sem þorir. Við þorum að taka umræðuna, við þorum að hleypa öllum íbúum að ákvarðanatöku, við þorum að gera breytingar og umfram allt þá þorum við að vera við sjálf og erum stolt af því að vera íbúar í Rangárþingi eystra.

Hér búum við öll saman og allir eiga að hafa jöfn tækifæri til að blómstra í okkar samfélagi, á það leggjum við mikla áherslu. Stefna okkar er skýr, með því að setja X við D á kjördag, þá veistu hvað þú færð og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að gera hag Rangárþings eystra sem bestan til framtíðar.

Ertu klikk?

Guðrún Runólfssdóttir
5. sæti VG í Árborg



Á síðustu árum hefur almenningur umræða um andlega heilsu aukist og er það ekki að ástæðulausu. Lengi voru geðheilbrigðismál feimnismál og fólk sem var veikt á geði upplifði skömm. Vinstri græn í Árborg vilja stórkrafa fræðslu og forvarnir um geðheilbrigði í skólum sveitarfélagsins.

Þessi þróun er vissulega jákvæð og á réttu leið, yngri kynslóðin er að læra að tala um og skilja tilfinningar sínar, efla sjálfsmynd og leita aðstoðar ef þörf er á.

Unglingsárin eru ár mótunar og það er mikilvægt að unglingarnir okkar finni fyrir góðum stuðningi í nærumhverfi sínu. Þess vegna er mikilvægt að þau upplifi gott aðgengi að fagfólki. Það er nógu stórt skref fyrir mörg okkar að ákveða að leita aðstoðar og ekki á bætandi að þurfa að biða

sýnir skýrt að sjálfsvíg ungra karlmanna eru alltof algeng. Sú eittraða karlmennska sem ríkt hefur í samfélaginu lýsir sér oft í orðræðu sem við tökum ekki endilega eftir. „Harkaðu þetta af þér“. „Ekki gráta“. „Ekki vera aumingi“ eru setningar sem hafa ómað inn í skólum og búningasklefum landsins í áratugi.

Við viljum leggja áherslu á að gefa drengjunum okkar verkfærin til þess að tjá tilfinningar sínar og leita réttra leiða þegar þeir upplifa vanlíðan af einhverju tagi. Við sem erum á lista Vinstri grænna í Árborg gerum okkur grein fyrir mikilvægi forvarna, fræðslu og faglegar aðstoðar í geðheilbrigðismálum. Þess vegna leggjum við áherslu á að aukið fjármagn verði sett í þennan málaflokk til að stuðla að geðheilbrigði ungs fólks í sveitarfélaginu.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Pantaðu auglýsingar strax í dag!
Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Fjölskyldur í forgang

Halldór Benjamín Hreinsson

Framkvæmdastjóri,
2. sæti lista
Framsóknar í
Hveragerði.



Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og þar læra börnin á skapandi hátt og í gegn um leikinn allt milli himins og jarðar, ekki síst að vinna saman.

Sveitarfélögin bera meginábyrgð á skólahaldi, bygging og rekstur leikskóla er í umsjón sveitarfélaga og þeim er skylt að tryggja börnum dvöl á leikskóla.

Að byrja að búa, leigja eða kaupa sér húsnæði er kostnaðarsamt fyrir ungar fjölskyldur, einkum þær sem eru með börn á leikskólaaldri. Samkvæmt gjaldskrá Hveragerðisbæjar er leikskólagjaldið fyrir 8 tíma 29.270.- krónur á mánuði. Þetta samsvarar greiðslu á umþb 10 milljóna króna íbúðarláni og það munar svo sannarlega um minna.

Framsókn í Hveragerði vill

stefna að því að létta undir með barnafjölskyldum og hafa 6 tíma leikskóladvöl gjaldfrjálsa á dag. Stefnt er að því að gera þetta í skrefum í samvinnu við leikskólana í Hveragerði og með því að innleiða nýja gjaldskrá.

Einnig þarf að hraða uppbyggingu leikskóla í Hveragerði til að standa við þau fyrirheit að öll börn fái leikskólaláss við 12 mánaða aldur. Komist barn ekki inn á leikskóla við 12 mánaða aldur eins og stefnt er að mun fjármagn fylgja barni fram að útlutun á leikskólalássi.

Til viðbótar þessum aðgerðum viljum við hækka frístundastyrkinn strax í 50.000 krónur til að gera öllum börnum og unglingum kleift að geta tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi.

Allt kostar þetta peninga, en við teljum að þessum fjármunum sé vel varið. Með þessu náum við frekar að laða að ungt fólk í samfélagið með því að gera Hveragerði barnvænt samfélag.

Við í Framsókn leggjum áherslu á að hagsmunir barna séu í fyrirrúmi.

Er ástæða til tilraunastarfsemi í kosningum?

Eyþór H. Ólafsson

Formaður
bæjarráðs
Hveragerðis



Undanfarin 16 ár hef ég notið þeirra forréttinda að vinna með Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar. Aldrei hefur skugga borið á það samstarf og það er leitun að jafn réttisýnum og reyndum sveitarstjórnarmanni á Íslandi. Það er alveg sama á hvaða vettvangi Aldís kys að beita sér, hún gerir það vel og af heiðarleika og viðsýni.

Forystumaður á landsvísi

Auk þess að vera bæjarstjóri í Hveragerði hefur Aldís undanfarin ár verið formaður í Sambandi sveitarfélaga á Íslandi. Litið er til hennar sem eins af helstu forystumönnum á því sviði og einnig í landsmálunum. Það er ekki vegna þess að hún sé alltaf sammála síðasta ræðumanni og verði þannig allra vinur. Þvert á móti kemur hún alltaf heiðarlega fram og segir sínar skoðanir sem oftast en ekki eru vel ígrundaðar, settar fram af mikilli þekkingu og innsýn og til þeirra er litið af flestum forystumönnum þessa lands.

Bæjarstjóri allra bæjarbúa

Hveragerðisbær hefur verið svo lánsamur að njóta forystuhæfileika Aldísar sem bæjarstjóra í 16 ár og þær raddir heyrast að nú sé komið nóg. Því vil ég mót-

mæla harðlega, hún á mikið eftir og ég treysti henni fullkomlega til áframhaldandi forystu fyrir bæjarfélagið. Hún er bæjarstjóri allra bæjarbúa og leggur nótt við dag til að standa sig í því hlutverki. Aldís er aðgengileg nánast hvenær sem er, hvort sem það er á bæjarskrifstofunni eða í Bónus eða annarsstaðar þar sem bæjarbúar kunna að rekast á hana á fönnum vegi. Hún er alltaf tilbúin að taka spjallið, svara spurningum fólks og hlusta á skoðanir enda sýna kannanir að ánægja bæjarbúa er sú mesta á Íslandi með bæjarfélagið sitt hér í Hveragerði.

Gott og traust samstarf

Á þeim 16 árum sem við höfum starfað saman í bæjarstjórn hafa bæjarfulltrúar bæði í minni- og meirihluta komið og farið eins og gengur. Ávallt hefur Aldís gengið vel að halda utan um hópinn og tryggja eins gott sam-

starf og auðið er hverju sinni. Sést það best á því að undanfarin ár hefur öll bæjarstjórnin unnið saman að fjárhagsáætlunum og mikil eindrægni og samstaða ríkt um helstu mál þótt stundum geti hvesst aðeins eins og eðlilegt er þegar fólk hefur mismunandi skoðanir.

Opið samtal við bæjarbúa

Sá háttur hefur ávallt verið hafður á samstarfi í meirihlutanum undir forystu Aldísar að bæði bæjarfulltrúar og varamenn þeirra, samtals 8 manns, hafa hist flest mánudagskvöld til að fara yfir málin og hvernig skynsamlegast er að taka ákvarðanir. Þannig hefur verið unnið saman á breiðum grundvelli og tryggt að sem flest sjónarmið heyrast í aðdraganda ákvarðana. Einnig hafa bæjarfulltrúarnir verið aðgengilegir og tilbúnir í samtal við bæjarbúa á opnum húsum hjá Sjálfstæðisfélagi Hveragerðis á laugardagsmorgnum alla vetur í fjölmörg ár. Margir hafa nýtt sér þetta og oft orðið fjórugar umræður um málin og verið hægt að svara spurningum bæjarbúa á þeim vettvangi sem víðar.

Gerum ekki óþarfar tilraunir í stjórnun bæjarfélagsins, kjósum D-listann og vinnum áfram saman!

fastus.is

WEXIÖDISK, COMENDA OG HOBART UPPÞVOTTAVÉLAR ÖFLUGUR LIÐSAUKI Í ELDHÚSIÐ



WEXIÖDISK
Vandaðar og öflugar vélar fyrir þá sem vilja það besta



COMENDA
Ódýrari kostur - öflug og góð vél fyrir stærri eldhús



HOBART
Frábær fyrir minni eldhús, kaffistofur o.fl.

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

Auglýsing um kjörfund vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022 í Sveitarfélaginu Árborg



Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Árborg
verður haldinn laugardaginn 14. maí 2022.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og honum lýkur kl. 22:00.
Kosið er í sex kjördeildum í sveitarfélaginu. Skipt er í kjördeildir eftir búsetu kjósenda.

1

Kjördeild 1 í Vallaskóla (austurhluta), Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum A-D og kjósendur sem eru með ótilgreint lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg.

2

Kjördeild 2 í Vallaskóla (austurhluta), Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum E-G, kjósendur í Háengi og kjósendur í húsum sem ekki hafa götuheiti á Selfossi.

3

Kjördeild 3 í Vallaskóla (austurhluta), Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum H-R en þó ekki **kjósendur í Háengi**.

4

Kjördeild 4 í Vallaskóla (austurhluta), Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum S-P.

5

Kjördeild 5 í samkomuhúsinu Stað, Búðarstíg 7, Eyrarbakka

Fyrir kjósendur búsetta á Eyrarbakka, kjósendur í dreifbýli við Eyrarbakka og **kjósendur búsetta í Tjarnarbyggð**.

6

Kjördeild 6 í grunnskólanum á Stokkseyri, Stjörnusteinum 2

Fyrir kjósendur búsetta á Stokkseyri, í dreifbýli við Stokkseyri og **kjósendur búsetta í pósnúmeri 801 utan Tjarnarbyggðar**.

Kjósendur geta kannað á vefslóðinni www.kosning.is hvort og í hvaða kjördeild þeir eru á kjörskrá í Sveitarfélaginu Árborg.

Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Aðsetur yfirkjörstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar á kjördegi
verður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi, sími 480 5806.

Selfossi, 5. maí 2022

Yfirkjörstjórn

Sveitarfélagsins Árborgar

Ingimundur Sigurmundsson

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

Súpufundur og hugmyndavinna

Ný stjórn í Félagi eldri borg-
ara í Hveragerði leggur
grunn að félagsstarfinu með
því að bjóða félagsmönnum
(og öðrum sem eiga etv. eftir að
skrú sig í félagið) í súpu og hug-
myndahitting miðvikudaginn
11. maí kl. 18 í Þorlákssætri.
Þetta er kvöldfundur svo þeir
sem eru enn að vinna geti örug-
lega komið. Þar verður hópa-
starf þar sem félagsmenn geta
rætt hugmyndir sínar um starfð,
sett þær á blöð sem félagsmenn
sjálfir raða síðan í forgangs röð.

Þetta er mjög mikilvægur
fundur því félagarnir eru fê-



lagið og ef þátttaka verður lítil
verður ekki til það kröftuga og
skemmtilega starf sem við öll
viljum hafa. Nú er kominn tími
fyrir öfluga viðspyrnu eftir
Covid 19 og ekki eftir neinu

að biða að koma hlutunum á
hreyfingu. Mætum því sem flest
í góða súpu og brauð og spenn-
andi hugmyndavinnu. Aðgangur
 ókeypis.

FEB Hveragerði

Vegleg gjöf til Listasafns Árnesinga

Safnstjóri Listasafns Ár-
nesinga, Kristín Scheving
tók á móti gjöf úr listaverka-
safni Íslandsbanka. Gjöfina af-
henti Menningarmálaráðherra
Lilja Alfreðsdóttir ásamt Birnu
Einarsdóttur bankastjóra við há-
tíðlega dagskrá í Safnahúsinu 2.
maí. Verkin eru sjö talsins eftir;
Ásgrím Jónsson, Þorbjörgu
Höskuldsdóttur, Jóhannes Kjar-
val, Gunnlaug Scheving, Jón
Þorleifsson og Jón Engilberts.

Safnið þakkar kærlega fyrir
þessa gjöf

Fréttatilykting frá
Listasafni Árnesinga



Unglingaspjall Stígamóta á netinu


Skóla- og velferðarþjónusta
Árnesþings vill vekja at-
hygli á að þann 3. mars sl.
opnaði ný þjónusta hjá Stíga-
mótum. Netspjall fyrir 13-
19 ára ungmenni til að ræða
ofbeldi og óheilbrigð sam-
skipti í nánnum samböndum,
bæði sem þolendur, gerendur
og aðstandendur. Á net-
spjallinu býst aðilum samtal,
stuðningur og fræðsla sem er
í höndum fagfólks með mikla
reynslu af aldurshópnum og
þjálfað af starfsfólki Stíga-
móta. Netspjallið er opið
þrisvar í viku: þriðjudaga,
fimmtudaga og sunnudaga frá
kl. 20:00 til 22:00 farið er inn
á www.sjukast.is til að hefja
spjallið. Netspjallið er viðbót
við verkefnið Sjúkást, sem
er fræðslu- og forvarnaverkefni
fyrir ungt fólk um kyn-
bundið ofbeldi. Af samtölum
við ungmenni í tengslum við
Sjúkást-verkefnið kom í ljós
að mörg ungmenni eru í óheil-
brigðum og ofbeldisfullum
samböndum. Á netspjallinu
geta ungmennin haft samband
nafnlaust og fengið speglun
á málin sín. Ungmennin gera



sér oft ekki grein fyrir því
hvað telst til ofbeldis eða eru
óviss um að það sem þau upp-
lifa sé alvarlegt. Mörg ung-
menni í þessum aðstæðum
vilja fá að taka fyrstu skrefin
í trúnaði. Það skiptir ekki máli
hvort ofbeldið eða óheilbrigðu
samskiptin áttu sér stað nýlega
eða fyrir löngu síðan – það er
alltaf hægt að nýta netspjallið.
Markmiðið með spjallinu
er að hjálpa ungmennum að
skilja hvað gerðist, að þeim
líði betur og fái stuðning við
að taka næstu skref.

F.h. skóla- og
velferðarþjónustu Árnesþings
Anný Ingimarsdóttir,
félagsráðgjafi/deildastjóri

Kjörstaðir í Sveitarfélaginu Árborg



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



OPIÐ HÚS 12. MAÍ
Kaffi frá kl. 14:45 til 15:15.
Leiklestur á sýningunni
„Maður í mislitum sokkum“
eftir Arnmund Backmann í
Leikhúsinu við Sigtún kl. 16.

SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin eftir hádegi
á fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+
í Selfosshöllinni
þriðjudaga og fimmtudaga
kl. 9:30 og 10:30.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !



Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



ÁRBORG TAXI
482 1333
arborgtaxi@gmail.com



KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNsla
Diddi S. 861 4966



Alhliða merkingar

- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Límimiðaprentun
- Ljósaskilti
- Nafnspjöld o.fl.

800prent.is
einar@800prent.is 694 6163

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 15. maí kl.
11:00. Kirkjukórinn syngur, org-
anisti Esther Ólafsdóttir, prestur
Guðbjörg Arnardóttir. Sunnu-
dagaskóli á sama tíma kl. 11:00.
Umsjón Sjón Pórarinsdóttir
ásamt leiðtogum.
Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.
Fundur með foreldrum ferm-
ingarbarna næsta vors í
Árborgarprestakalli verður í Sel-
fosskirkju fimmtudaginn 12. maí
kl. 18:00.

Hveragerðiskirkja
Hátíðarguðsþjónusta í tilefni af
50 ára vígsluafmæli kirkjunnar
kl. 14. Biskup Íslands prædika-
ri. Að messu lokinni verður boðið
upp á afmælskaffi í safnaðar-
heimilinu.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 14. maí.
Bíbliulexiur kl. 11, umfjöllunar-
efnið er Bókin um upphafið (1.
Mósebók) og guðsþjónusta kl.
12 með ræðu hefur Elías
Theódórsson. Verið velkomin.



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi


Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast
Óska eftir 2-3 herbergja íbúð
eða álíka á Selfossi eða Hvera-
gerði. Uppl. í síma 823 4907.

HEILSA



Nudd -
Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og
heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Innviðir í takt við uppbyggingu

Í sveitarstjórnarkosningunum
Ísem fram fara þann 14. maí
næstkomandi byður E-listinn
fram í Grímsnes- og Grafnings-
hreppi í annað skipti. Listinn
er skipaður fólki sem hefur
reynslu og þekkingu á sveitar-
stjórnarmálum í bland við fólk
sem er að stíga sín fyrstu skref
á því sviði, en öll eiga þau það
sameiginlegt að hafa áhuga og
metnað fyrir því að vinna í þágu
samfélagsins.

Verkefnið sem biða nýrrar
sveitarstjórnar á komandi kjör-
tímabili eru fjölmörg, en fyrir
utan þau lögskyldu verkefni
sem sveitarfélaginu ber að sinna
biða spennandi verkefni á sviði
uppbyggingar, eflingar innviða
og stefnumótunar um framtíð
sveitarfélagsins. Það er mikil-
vægt að þeir sem eru kjörnir af
íbúum sveitarfélagsins til þess
að stýra því séu meðvitaðir um
þær áskoranir sem framundan
eru, því að áskoranirnar leynast
viða.

Húsnæðismál eru ofarlega
á baugi í umræðunni um allt
land, en sveitarfélagið þarf að
sinna sínu hlutverki þar og gæta
þess að lóðaframboð sé nægt til
þess að uppbygging geti haldið
áfram. Á liðnu kjörtímabili var
öllum heim lóðum sem skipu-
lagðar höfðu verið í þéttbýli í
landi sveitarfélagsins úthlutað,
sem er mikið ánægjuefni. Það er
hins vegar ekki farsæl staða að
engar lausar lóðir séu í boði, og
því þarf að hefjast strax handa
við að skipuleggja næsta áfanga
í uppbyggingu á íbúðasvæði á
Borg og hefja gatnagerð í fram-
haldinu. Þar þarf að vanda til
verka og aðlaga skipulagið að
þörfum svæðisins, m.a. með því
að gera ráð fyrir aukinni verslun
og þjónustu á svæðinu til þess
að færa meira af þjónustu nær
íbúum sveitarfélagsins.

Stækkandi byggð fylgir
aukin þörf fyrir öflugra inn-
viði til þess að byggð þrífist á
svæðinu. Á liðnu kjörtímabili
var borað eftir köldu vatni og af-
hendingaröryggi þess tryggt til
muna í austurhluta sveitarinnar.
Það þarf hins vegar að horfa



Steinar
Sigurjónsson
Varaoddvitaefni
E-listans í Gríms-
nes- og Grafnings-
hreppi

lengra en nokkur ár fram í tím-
ann þegar kemur að vatnsöflun,
og því er nauðsynlegt að ráðast
í frekari aðgerðir þegar kemur
að því að tryggja kalt vatn á sem
flestum stöðum í sveitarfélag-
inu. Vatnsöflun í Kaldárhöfða
gæti þar skipt sköpum og séð
stórum hluta sveitarfélagsins
fyrir köldu vatni um ókomna tíð.

Í hitaveitunni hefur búnaður
verið eflur til þess að afla meira
vatns og bæta nýtingu þess, en
það er mikilvægt að farið sé vel
með þá auðlind sem heita vatnið
er og að nýting þess sé háværk-
uð. Það liggur þó fyrir að frekari
vatnsöflun er einnig nauðsynleg
þegar kemur að heitu vatni og
halda þarf áfram að leita leiða til
að tryggja heitt vatn, bæði fyrir
þá notendur sem nú þegar eru
tengdir hitaveitunni og eins til
þess að hægt sé að tengja fleiri
nýja notendur.

Grímsnes- og Grafnings-
hreppur er gott samfélag þar
sem dreifbýli og þéttbýli mynda
sterka heild. Mörg tækifæri
eru til staðar til þess að styrkja
stöðir þess enn frekar ef rétt er
haldið á spilunum. Það er mikil-
vægt að þeir sem veljast til þess
að stýra sveitarfélaginu nálgist
það verkefni með jákvæðu og
opnu hugarfari og séu tilbúnir
að hlusta á vilja og þarfir íbúa-
anna. Upplýsingaflæði til íbúa
og annarra hagsmunaaðila þarf
að vera gott og aðgengi þeirra
að upplýsingum einnig. Lýð-
ræði í sveitarfélagi á þannig ekki
að vera bundið við kosningar á
fjögurra ára fresti, heldur þarf
að gæta þess að raddir íbúanna
heyrist þegar teknar eru ákvarð-
anir um mikilvæg málefni, og að
á þær sé hlustað. Þetta er fólkið
sem skipar E-listann meðvitað
um og stefnir að því að starfa
áfram með það að leiðarljósi.

Fundur með foreldrum fermingar-
barna næsta vors í Árborgarprestakalli

Við prestarnar í Selfoss-
kirkju, Eyrarbakakirkju,
Stokkseyrarkirkju, Laugar-
dælakirkju, Villingaholtakirkju,
Hraungerðiskirkju og Gaul-
verjabæjarkirkju bjóðum þeim
sem áhuga hafa á því að kynna
sér og skrá sig í fermingar-
fræðslu hjá okkur til fundar í
Selfosskirkju fimmtudaginn
12. maí kl. 18:00. Á fundinum
förum við yfir skipulag ferm-
ingarfræðslunnar, gefum upp
fermingardaga vorsins 2023 og
opnum fyrir skráningu í ferm-
ingarfræðsluna.

Fyrir þau sem ekki komast á
fundinn munu allar upplýsingar
sem fram koma verða aðgengi-



legar á heimasíðu Selfosskirkju
að fundi loknum.

Kær kveðja
Guðbjörg Arnardóttir,
gudbjorg.arnardottir@kirkjan.is
Arnaldur Bárðarson,
arnaldur.bardarson@kirkjan.is
Gunnar Jóhannesson,
gunnar.johannesson@kirkjan.is

Farsæld Árborgar

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi nú um áramót, farsældar lögin svokölluðu. Þau hafa það að markmiði að börn og fjölskyldur þeirra hafi greiðan aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. A mannamáli þýðir það að fjölskyldur eigi rétt á því að fá þjónustu við sitt hæfi þar sem þverfaglegt teymi tekur utan um mál barnsins. Forðast þarf að fjölskyldur finnst mál þeirra í lausu lofti.

Árborg í góðri stöðu

Óhætt er að segja að fjölskyldu-svið sveitarfélagsins Árborgar hafi unnið frábært starf á þessum vettvangi frá stofnun þess árið 2019. Þá voru skólapijónusta, félagsþjónusta og frístunda- og menningarsvið sameinuð í eitt stórt svið. Sviðið var stofnað með því markmiði meðal annars að móta samfellda þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Farsældarlögin miðast við samspil félagsþjónustu, skólamála og frítímapjónustu og því hægt að segja að sameiningin hafi verið fyrsta skrefið í þágu farsældar barna í Árborg. Árborg var því í mjög góðri stöðu og langt á veg komin með þessa samþættingu þegar lögin voru samþykkt á Alþingi. Staðan hefur verið það góð innan sveitarfélagsins eftir breytingarnar að eftir því hefur verið tekið og önnur sveitarfélög líta til Árborgar sem fyrirmynd í útfærslu laganna.

Unnið hefur verið markvisst með snemmtæka iðhlutun, hún felst í því að grípa sem fyrst inn í málefni barna og koma í veg fyrir að þau vindi upp á sig og verði ill leysanleg.



Gerum gott betra

Alltaf er hægt að gera gott betra og það er hjartans mál fyrir Áfram Árborg að styðja við fjölskyldusvið og tryggja það að sú góða og dýrmæta vinna sem nú þegar hefur verið unnin haldi sér, vaxi og dafni. Áfram Árborg vill tryggja að leikskólar og grunnskólar fái stuðning frá svíðinu til þess að innleiða Farsældarlögin að fullu svo þjónustan skili sér þangað sem hennar er þörf. Áfram Árborg telur mikilvægt að styðja við það öfluga frumkvöðlastarf sem fram hefur farið á vettvangi frítímans í Árborg þannig að þar sé hægt að halda áfram að vera til staðar fyrir börn og fjölskyldur þeirra ásamt því að vera stuðningur við félags- og fræðslumál.

Áfram Árborg vill skapa fjölskylduvænt samfélag, efla menntun ásamt félagslegum- og frístunda úrræðum fyrir fjölskylduna í heild. Áfram Árborg vill færa þjónustuna nær íbúum og uppfæra þjónustuna í takt í fjölbreyttar þarfir íbúa.

Framtíðin er núna!
Setjum X við Á þann 14. maí næstkmandi!

*Dagbjört Harðardóttir og
Lieselot Simoen
Frambjóðendur í félagsmála-
nefnd fyrir Áfram Árborg*

Þegar samvinna býr til samfélagsleg verðmæti

Gunnsteinn R. Ómarsson

Fyrirverandi bæjarstjóri Ölfuss og 3. sæti á lista XB Framfarasinna í Ölfusi



Endurbætur og stækkun Þorlákshafnar á árunum 2015-2017 undir forystu Framfarasinna er framkvæmd sem gjörbreytt hefur samfélaginu í Ölfusi með jákvæðum hætti. Hjörtur Jónsson var ráðinn hafnarstjóri Þorlákshafnar í ársbyrjun 2014 og upp úr því fóru magnaðir hlutir að gerast í góðu samstarfi starfsmanna og kjörinna fulltrúa. Þessi jákvæðu áhrif af verkefninu ná langt út fyrir nærsvæði Þorlákshafnar og styrkja þau grunn atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi. Hugmynd ein og sér gerir hana ekki að veruleika, hún verður að vera raunsæ, verulega vel útfærð með sterkri framtíðarsýn og haldið frá kastljósi fjölmiðla. Allur undirbúningur þessarar hugmyndar var með þeim

hætti og vel var haldið utan um framkvæmdina. Skipulega var unnið að öflun verkefna allt frá byrjun sem skilaði t.a.m. samningi við Smyril Line sem ekki byggði á neinum tilviljunum.

Þróunin er í samræmi við upphaflegar áætlanir

Sögunni allri er hægt að fletta upp í ítarlegum greinargerðum með fjárhagsáætlunum á síðasta kjörtímabili á vefsíðu Ölfuss, www.olfus.is. Það er gaman að sjá að Þorlákshöfn vex og dafnar í takti áætlanir sem þá voru gerðar og að framtíðarsýnin er að teiknast upp eins og við saum hana fyrir 8 árum síðan. Eftirfarandi er tekið úr greinargerðinni sem skrifuð var haustið 2014: „Með framangreindum framkvæmdum, er áætlað að stærri skip geti athafnað sig innan hafnar sem opnar á möguleika á að fá inn stærri fragtskip en nú, skemmtiferðaskip sem alls ekki koma í dag og einnig stórar vöru- og fólksflutningaferjur. Auk þess sem þjónustugetan við núverandi

viðskiptavini myndi aukast verulega strax.“ Framtíðarsýnin hefði vart geta verið betur sett á blað í ljósi sögunnar. Sérfræðingarnir sem komu að gerð þessara greinargerða eða öllu heldur stefnumörkun, voru starfsfólk sveitarfélagsins í samstarfi við kjörna fulltrúa. Þegar slík samvinna og virðing er viðhöfð verða til samfélagsleg verðmæti.

Þorlákshöfn vex hraðar en aðrar hafnir á Íslandi

Það er áhugavert að fara yfir nokkrar tölulegar staðreyndir og samanburð úr ársreikningum. Árið 2010 var Þorlákshöfn 11. stærsta höfn landsins í tekjum talið, 2016 var hún í 10. sæti, 2018 var hún í 8. sæti og stökkur upp í 6 sæti árið 2020. Tekjur Þorlákshafnar hafa vaxið hlutfallslega mun meira frá árinu 2016 en tekjur þeirra hafna sem fyrir ofan eru á listanum. Samanburður vegna 2021 liggur ekki fyrir en ljóst er að Þorlákshöfn heldur áfram að vaxa sem sýnir hversu verðmæt þessi hugmynd er sem lögð var á borð í Ráðhúsi Ölfuss í byrjun árs 2014. Eftirfarandi mynd segir meira en mörg orð.

Ég er tilbúinn til deila af reynslu minni og þekkingu og vinna fyrir ykkur af heilindum að framförum og umbótum í sveitarfélaginu okkar og óska því eftir ykkar stuðningi í komandi kosningum þann 14. maí. Setjum X við B og vinnum saman að bjartri framtíð Ölfuss.



Hvers vegna pólitískur sveitarstjóri?

D-listi Sjálfstæðisflokksins í Rangárbæ eystra býður fram öflugan lista í sveitarstjórnakosningunum sem fram fara laugardaginn 14. maí nk. Listinn er skipaður úrvals fólki í öllum sætum og hópurinn er kraftmikill og samhentur. Í fyrsta sæti er Anton Kári Halldórsson og er hann jafnframt sveitarstjóraefni okkar.

Anton Kári er núverandi oddviti og gegndi embætti sveitarstjóra á fyrri hluta kjörtímabilsins. Þá hefur hann starfað sem skipulags- og bygginga-fulltrúi Rangárbæ eystra og Skaftárhrepps og gegnir nú stöðu deildarstjóra skipulags- og byggingardeildar Árborgar á Selfossi. Hann hefur sýnt það með verkum sínum að honum er fyllilega treystandi til starfsins og teljum við sérstakan kost að auki, að hann hefur yfirburða þekkingu á skipulagsmálum, sem eru fyrirferðarmikil, flókin og afskaplega mikilvæg. Hann á gott með að vinna með fólki

og getur laðað fram samtal og samstarf og kann að leiða mál til niðurstöðu innan hæfilegs tímaramma. Anton Kári er því sveitarstjóraefni sem við teflum fram með stolti og erum fullviss um hæfi hans í embættið samfélaginu okkar til heilla.

Ymsir hafa á því skoðun hvort sveitarstjórinn eigi að koma af pólitískum lista eða hvort hann skuli ráðinn á „faglegan“ hátt og að hann sé þá „ópólitískur“. Við viljum skýra okkar afstöðu að þessu leyti hér.

Fyrst ber að nefna að við teljum ekki að það eigi að vera lögmál að sveitarstjóri sé jafnframt frambjóðandi og fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Það er, ef listi hefur ekki á að skipa einstaklingi sem vill, eða hefur nægilegt traust framboðsins, eða hefur aðstöðu til að vera sveitarstjóri, þá á að sjálfsögðu ekki að bjóða slíkt fram. Við það er ekki neitt að athuga og er þá staðan auglýst og ráðið í hana á venjulegan hátt. Þetta hefur oft gefist ágætlega þó að það

slitni reyndar nokkuð oft upp úr þessum samböndum, ef sagan er skoðuð.

Ef sveitarstjóraefni er hins vegar til staðar að allra mati og að bestu manna yfirsýn þá teljum við að því fylgi nokkrir kostir sem við viljum nefna.

Í fyrsta lagi má segja að þegar talað er um ópólitískan sveitarstjóra þá er svoltið óljóst við hvað er átt því að sá sveitarstjóri sem er ráðinn „utan úr bæ“ hlýtur alltaf að verða pólitískur á þann hátt að hann verður að fylgja málefnum sinna umbjóðenda eftir. Vandséð er að hann geti gengið langt í andstöðu gegn hinum pólitíska meirihluta sem hann er ráðinn til að vinna fyrir. Sveitarstjóri verður oft til svars fyrir hönd hins pólitíska meirihluta og verður að hafa sannfæringu fyrir því sem hann segir og gerir. Okkar niðurstaða er því sú að sveitarstjóri verður alltaf pólitískur fyrir sinn meirihluta.

Í öðru lagi teljum við að það sé kostur að sá sem ráðinn verð-

ur sveitarstjóri hafi sjálfur haft veg og vanda að undirbúningi áherslumála, hafi unnið með og treysti hópnum sem hann kemur til með að vinna með og treysta á. Með þessu er lang líklegast að hann brenni fyrir málefnum framboðsins og muni leggja sjálfan sig að veði til að ná þeim fram.

Í þriðja lagi er auðveldara fyrir sveitarstjóra sem kemur úr hinum pólitíska bakgrunni að hafa áhrif á stefnuna og framkvæmdina þegar bregðast þarf við aðsteðjandi málum og hann er sjálfur pólitískur forystumaður.

Síðast en ekki síst má benda á að sveitarstjóri sem kemur af lista sem hefur haft það að yfirlýstu markmiði að gera hann að slíkum, hefur verið kosinn af fólkinu. Það hefur legið fyrir allan tímann að þetta standi til og hefur hann því í öflugt umboð og öflugt lýðræðislegt bakland.

Aðstæður á síðasta kjörtímabili voru þannig að stöðu sveit-

arstjóra var skipt á milli framboðanna sem að meirihlutanum stóðu. Það er fyrirkomulag sem við teljum ekki að geti gengið áfram og vonumst við eftir því að kjósendur treysti okkur fyrir hreinum meirihluta. Þannig teljum við að stjórnun sveitarfélagsins verði best og þannig verður ábyrgðin líka mest.

Valdið er hjá ykkur íbúum Rangárbæ eystra, við tryggjum ekki eftir á.

Við hvetjum alla til að kynna sér stefnumálin okkar á heimasíðu framboðsins www.xdrang.is og á facebook síðunni <https://www.facebook.com/XDRang> Áfram Rangárbæ eystra

*Árný Hrund Svavarsdóttir,
2. sæti D-listans
Sigríður Karólína Viðarsdóttir,
3. sæti D-listans
Elvar Eyvindsson,
4. sæti D-listans
Sandra Sif Úlfarsdóttir,
5. sæti D-listans*



Hveragerðiskirkja 50 ára

Laugardaginn 14. maí nk. eru 50 ár liðin frá vígslu Hveragerðiskirkju, en hún var vígð við hátíðlega athöfn 14. maí 1972 af Sigurði Pálssyni vígslubiskupi í Skálholti. Ári fyrr, 31. maí 1971, vígði Sigurbjörn Einarsson biskup Íslands safnaðarheimilið. Hveragerði varð sjálfstætt sveitarfélag árið 1946 og þá áttu Hvergerðingar kirkjusókn í Kotstrandarkirkju. Fljótlega var farið að huga að því að stofna sérstaka kirkjusókn í hinu vaxandi garðyrkjuþorpi. Formlegt leyfi til að stofna sóknina var gefið út af Dóms- og kirkjómálaráðuneytinu 16. júní 1962. Undirbúningur kirkjubyggingar hófst fljótlega eftir það og byggingarnefnd var skipuð. Jörundur Pálsson arkitekt gerði uppdrátt að nýrri kirkju í Hveragerði í samráði við sóknarnefnd. Bygging kirkjunnar hófst í júlí 1967. Byggingarmeistari var Jón Guðmundsson í Hveragerði. Mikið sjálfbæðastarf var innt af hendi við kirkjubygginguna og fagmenn gáfu umtalsverðan afslátt af allri vinnu.

Það sýnir stórhug og fram-sýni að byggja svo veglega kirkju með aðstöðu fyrir safn-

aðarstarf í ungu sveitarfélagi, sem þá taldi vel innan við þúsund íbúa. Og allar götur síðan hafa bæði kirkjan og safnaðarheimilið verið mjög mikilvæg fyrir allt kirkjustarf, tónlistar- og menningarviðburði og félagsstarf í Hveragerði og nágrenni. Einstaklega góður og fallegur hljómburður í kirkjunni hefur gert hana mjög eftirsóttá til tónleikahalds.

Í dag er íbúaföldi Hveragerðis vel yfir 3000 og nánast alla daga er fólk í kirkjunni. Barna- og æskulýðsstarf, foreldramorgnar, barnakór og kirkjukór auk annars safnaðarstarfs og félagsstarfs sem fær aðstöðu í kirkjunni. Helgihald og athafnir á lífsins leið frá vöggu til grafar vegna þess að kirkjan er ramminn utan um margar af stærstu stundunum í lífinu bæði í gleði og sorg.

Sunnudaginn 15. maí nk. kl. 14 verður hátíðarmessa í Hveragerðiskirkju í tilefni af vígsluafmælinu. Biskup Íslands prédikar og að messu lokinni verður boðið upp á afmæliskaffi í safnaðarheimilinu. Allir eru hjartanlega velkomnir!

Páll Sveinsson ráðinn skólastjóri Vallaskóla

Páll Sveinsson hefur verið ráðinn í starf skólastjóra Vallaskóla frá og með 1. ágúst 2022. Alls bærast fjórar umsóknir um starfið.

Páll hefur starfað við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri frá 2014 sem aðstoðarskólastjóri og skólastjóri frá 2020. Áður starfaði hann sem grunnskólakennari við Grunnskólann í Hveragerði og Garðaskóla í Garðabæ. Hann var jafnframt forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjól í Hveragerði.

Páll hefur sinnt stunda-kennslu við Tónmenntakennarskor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og tónlistakennslu



á slagverkshljóðfæri við m.a. Tónlistarskóla Árnesinga og Tónskóla Sigursveins.

Páll lauk B.Ed gráðu frá Kennaraháskóla Íslands árið 2001 og M.Ed gráðu í stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands árið 2015.

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Heint um allt Suðurland

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
auglysingar@dfs.is



ÖKULAND

**Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is**

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.**
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
Sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
Sími 779 6777

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert
kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbií
Siggafærdiz


- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**


www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**Rétting
og málun**

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is